

KLIFUR

MÁLGAGN SJÁLFSBJARGAR LSF ♦ 2. TBL. 2007 ♦ 18. ÁRGANGUR



**Viljum vera
fræðilegi armur
baráttunnar**

Rannveig Traustadóttir,
prófessor í félags-
vísindum við
Háskóla Íslands

24



**Með því að halda
uppi áróðri erum
við að bjarga
mannslífum**

Þórir Steingrímsson,
formaður
Heilæhilla

16



**Kominn er tími
breytinga
í húsnæðismálum**

Tryggvi Friðjónsson,
framkvæmdastjóri
Sjálfsbjargar-
heimilisins

4

Kringlan tók vel á móti okkur 3

Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri

Kominn er tími breytinga í húsnæðismálum 4

Viðtal við Tryggva Friðjónsson, framkvæmdastjóra Sjálfsbjargarheimilisins

Fréttir 9

Postulín 10

Bókarkafli úr samtalsbók Ölmú Guðmundsdóttur og Freyju Haraldsdóttur

Fréttir 12

Eitt samfélag fyrir alla 14

Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar Isf

Með því að halda uppi áróðri erum við að bjarga mannlífum 16

Viðtal við Þóri Steingrímsson, formann Heilaheilla

Já, ég vinn hérna 20

Félagar í Sjálfsbjörg fóru í Kringluna og vöktu athygli á málstaðnum og buðu fram aðstoð sína í verslunum

Einiberjarunninn 23

Eftir Jón Hlöðver Áskelsson

Viljum vera fræðilegi armur baráttunnar 24

Viðtal við Rannveigu Traustadóttur, prófessor í félagsvísindum, við Háskóla Íslands

Kærleikskúlan 28

Afending í Listasafni Reykjavíkur

Fréttir 30

Jólaþrossgátan 31



Lyftu þér upp

Rafknúnir hægingastólar sem auðvelda þér að setjast og standa upp. Fjölbreytt úrval. Einfaldar stillingar.

Let's Go gönguborðið auðveldar þér að flytja smáhluti á bakkanum. Hægt að nota sem hliðarborð þegar setið er í hægingastól.

Verslunin er opin virka daga kl. 9-18.





Fimm ungir herra menn úr Ný-ung sem tóku þátt í Já, við vinnum hérna, í Kringlunni.

Talið frá vinstri: Friðrik, Arnór, Gunnar, Andri og Orri.

Ljósmynd: Hilmar Karlsson.

Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar Isf:

Kringlan tók vel á móti okkur

Ágæti lesandi.

Ég hef nú starfað í rúmt ár sem framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra, og hef lært mikið og notið þess að kynnast nýjum verkefnum og nýju fólki. Það er óhætt að segja að verkefnin hafa verið margvísleg. Ég hef kynnst norrænu samstarfi á vegum Nordisk Handicap Forbund en í því bandalagi fatlaðra á Norðurlöndum er venja að hittast tvisvar á ári og ræða sín mál og standa fyrir málþingum. Sjálfsbjörg Isf var gestgjafinn í haust og komu hingað 32 erlendir gestir. Ennfremur hef ég verið í Evrópuverkefni um fræðslumál fyrir ófaglært fólk sem heitir Love language sem unnið er í samvinnu við Leonardo da Vinci stofnunina á vegum Evrópusambandsins. Einnig hef ég fengið að taka þátt í stefnumótun fyrir Brynju, hússjóð Öryrkjabandalagsins, og vera fundaritari á aðalfundum Öryrkjabandalagsins og margt fleira skemmtilegt.



Eitt verkefnið er þó sem stendur upp úr, en það er 3. des verkefnið sem fór í gang í október s.l. undir forystu varaformanns Sjálfsbjargar, Kolbrúnar Daggar Kristjánsdóttur og Andra Valgeirssonar, formanns Ný-ungar, til að vekja athygli á alþjóðadegi fatlaðra. Verkefnið kallaðist „Já, ég vinn hérna“ og átti að vekja athygli á þema Sameinuðu þjóðanna á þessum degi en það var „Atvinna við hæfi fyrir einstaklinga með fötlun“. Verkefnið var keyrt á helginni 24. og 25. nóvember s.l. Ég fékk það verkefni að semja við verslunareigendur í Kringlunni um að taka þátt í þessum leik með okkur. Það var ekki erfitt og alveg ótrúlegt hvað verslunarmenn tóku okkur vel og voru jákvæðir í garð verkefnisins þrátt fyrir miklar annir. Níu stórfyrirtæki tóku þátt og góður hópur félagsmanna Sjálfsbjargar.

Verkefnið byggðist á því að fatlaður einstaklingur lét eins og hann væri að vinna í viðkomandi verslun og tók á móti viðskiptavinum sem slíkur. Einnig var settur upp sölubás á neðri hæðinni í Kringlunni til að selja ýmsan varning en einkum til að hitta fólk og vera sýnileg. Þá var í gangi getraun sem vakti mikla athygli. Fleiri verslunareigendur hafa sýnt okkur velvilja t.d. Nettó sem styrkti okkur myndarlega og tók að sér að dreifa upplýsingum um Sjálfsbjörg Isf í 33 verslunum sínum víðsvegar um landið 3. des. Krónan Mosfellsbæ og Granda hafa haft í forgangi aðgengismál fyrir alla og tekið fullt tillit til fatlaðra við byggingu glæsilegra húsakynna sinna. Þessar verslanir hlutu aðgengisverðlaun Sjálfsbjargar Isf að þessu sinni og voru þau afhent 3. des. Ég vil hvetja hreyfihamlaðra til að heimsækja þessar verslanir. Að lokum vil ég nota þetta tækifæri og lýsa ánægju minni með íslenska verslunarmenn og þakka kærlega fyrir okkur.

**Tryggvi Friðjónsson, framkvæmdastjóri
Sjálfsbjargarheimilisins:**



**SJÁLFSBJARGAR-
HÚSÍÐ
HÁTÚNI 12**

Kominn er tími breytinga í húsnæðismálum



Tryggvi Friðjónsson, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins segir það ekki einfalt að koma upp nýju Sjálfsbjargarheimili.

Sjálfsbjargarhúsið hefur verið mikið í umræðunni hjá Sjálfsbjargarfélögum og ákveðið ferli hefur farið í gang þar sem hugað er að sölu hússins. Það var stjórn Sjálfsbjargarheimilisins sem kom með þá hugmynd í upphafi að flytja starfsemi þess úr Sjálfsbjargarhúsinu í ný húsakynni og um leið breyta og aðlaga starfsemi sína að nútíma kröfum og viðhorfum í búsetu- og þjónustumálum fatlaðra, en heimilið nýtir um það bil helming Sjálfsbjargarhússins. Þessar hugmyndir féllu vel að þeim hugmyndum Sjálfsbjargar, Isf, að vera ekki að standa í rekstri húsnæðis heldur að einbeita kröftum sínum að baráttu- og hagsmunamálum fatlaðra. Tryggvi Friðjónsson er framkvæmdastjóri Sjálfsbjargarheimilisins og hann segir okkur frá starfsemi heimilisins og annarri starfsemi í húsinu og fræðir okkur nánar um þær hugmyndir og aðgerðir sem eru í burðarliðnum:

„Starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins er margþætt, en helstu starfsemiþættirnir eru heimilishlutinn og Þjónustumiðstöðin. Á heimilið flytur fólk til fastrar búsetu og margir hafa átt hér heima um árabil. Í Þjónustumiðstöðinni fer fram víðtæk starfsemi rúmhelga daga. Þá er vert að nefna sundlaugina sem er í húsinu, hún skiptir miklu máli fyrir marga,

bæði þá sem búa hér og þá sem koma í Þjónustumiðstöðina. Einnig erum við með opnunartíma fyrir almenning sem ekki getur nýtt sér aðrar sundlaugar. Þá er í húsinu mötuneyti sem ætlað er íbúum Sjálfsbjargarhússins, gestum þjónustumiðstöðvar og starfsfólki heimilisins og starfsfólki Sjálfsbjargar, Isf. Í Sjálfsbjargarhúsinu er einnig sjálfstæð

starfsemi, sem tengist ekki rekstri Sjálfsbjargarheimilisins, meðal annars Stjá – sjúkraþjálfun, Mæðrastyrksnefnd er nýlega komin í húsið til okkar og hér er líkamsræktarstöð og Tónstofa Valgerðar þar sem unnið er merkilegt starf.

Það eru mjög sterk tengsl á milli Sjálfsbjargar og Sjálfsbjargarheimilisins og Sjálfsbjörg á þrjá fulltrúa af fimm í

stjórn heimilisins. Reksturinn var aðskilinn 1993 en samtökin og heimilið höfðu verið rekin sem ein heild fram að því.“

Úr herbergi í íbúð

Byrjað var að byggja Sjálfsbjargarhúsið 1966 og viðbygging við húsið austanvert var tekin í notkun 1988. Tryggvi er búinn að starfa lengi í húsinu: „Þegar ég hóf störf fyrir Sjálfsbjörg 1989 var ég ráðinn framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar og forstöðumaður Sjálfsbjargarheimilisins og gegndi ég því starfi í fjögur ár. Þegar reksturinn var aðskilinn fór ég yfir til Sjálfsbjargarheimilisins og hef verið framkvæmdastjóri þess síðan.“

Tryggvi segir að mikil breyting hafi átt sér stað í starfsemi heimilisins 1993 þegar endurhæfingaríbúðin var tekin í notkun. „Sem dæmi get ég nefnt konu sem var með þeim fyrstu sem fluttu í þá íbúð. Hún hafði búið í herbergi í Sjálfsbjargarheimilinu í tuttugu ár og eins og nærri má geta voru það mikil viðbrigði fyrir hana þegar hún eftir þjálfun í endurhæfingaríbúðinni fékk íbúð í íbúðaálmu hússins þar sem hún býr enn. Auk þess að starfrækja endurhæfingaríbúðina þá veitum við fjórum íbúum heimilisins þjónustu í sk. Sjálfstæðri búsetu með stuðningi. Þessir einstaklingar hafa tekið á leigu íbúð af Sjálfsbjörg lsf. í íbúðaálmu Sjálfsbjargarhússins. Þessi þjónusta er ætluð þeim sem geta búið einir en þurfa meiri þjónustu en heimilishjálp og heimahjúkrun getur veitt. Þjónustan er með svipuðu sniði fyrir þessa fjóra íbúa eins og þjónustan er við aðra íbúa heimilisins.“

Hvert skal stefna

„Starfsemi heimilisins í Sjálfsbjargarhúsinu hefur verið þar í tæp 35 ár og nú er kominn tími breytinga. Við sem búum og störfum á Sjálfsbjargarheimilinu eigum nokkurn þátt í því ferli sem farið er af stað í sambandi við sölu á húsinu. Í nokkur ár erum við búin að segja að húsnæðið sé ófullnægjandi. Og það hefur átt sinn þátt í að Sjálfsbjörg stendur í þeim sporum að vilja selja húsið. Þá hefur það mikið að segja í þessu máli að forystumenn Sjálfsbjargar vilja færa samtökin frá þessum rekstri og meira yfir í baráttu- og hagsmunamálin. Við höfum stutt þessi sjónarmið og nú síðast þegar Sjálfsbjörg lagði í þennan leiðangur í október þá samþykkti stjórn heimilisins ályktun þar sem lýst var yfir

stuðningi við að húsið yrði selt og um leið að gengið yrði frá stefnumótun í húsnæðismálum til framtíðar sem ekki er að fullu lokið hvorki hjá Sjálfsbjörg lsf. né hjá Sjálfsbjargarheimilinu, en aðilar sem koma að þessu máli þurfa að að vera sammála um hvert skal stefna.

Í þessum sporum stöndum við núna. Það verður ekki einfalt að koma upp nýju Sjálfsbjargarheimili jafnvel þó því hafi verið lýst yfir af forystu Sjálfsbjargar lsf. að þau verðmæti sem eru í húsnæðinu sem hýsir starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins muni fylgja okkur yfir í nýtt húsnæði. Ljóst er að sú upphæð verður aðeins hluti

Það eru auðvitað ákveðin sjónarmið sem segja að búseta eigi að vera sér, hún eigi að vera eins og hjá öllum almenningi, sem hefur ekki beinan aðgang að sundlaug og annarri þjónustustarfsemi sem er fyrir í þessu húsi. Á móti kemur að ekki má alveg loka augunum fyrir þeirri staðreynd hvert okkar verkefni er, sem er að búa vel að okkar íbúum og að þeir njóti eins mikils frjálsræðis og mögulegt er.

af því sem ný húsakynni kosta, ekki síst vegna þess að nú er uppi á borðinu að byggja ekki tólf og hálfan fermetra fyrir hvern íbúa, heldur að hver og einn íbúi hafi rúmgóða og sjálfstæða íbúðareiningu.“

Breytingar á rekstri

Tryggvi segir það álit margra að reksturinn eigi að breytast og hann eigi ekki að vera með þeim hætti sem hann er í dag, en aðrir séu á því að heppilegra sé að hafa þessa tengingu milli rekstrareininga sem fyrir er og þá er fyrst og fremst verið að vísa til búsetunnar og þjónustunnar: „Okkur hefur þótt þægilegt að hafa allt í sama húsinu, en það eru auðvitað ákveðin sjónarmið sem segja að búseta eigi að vera sér, hún eigi að vera eins og hjá öllum almenningi, sem hefur ekki beinan aðgang að sundlaug og annarri þjónustustarfsemi sem er fyrir í þessu húsi. Á móti kemur að ekki má alveg loka augunum fyrir þeirri staðreynd hvert

okkar verkefni er, sem er að búa vel að okkar íbúum og að þeir njóti eins mikils frjálsræðis og mögulegt er. Það er þetta jafnvægi þarna á milli sem þarf að veita og meta og hvar við lendum þessu þarf að gerast í góðri sátt.

Öryrkjabandalagið er búið að marka þá stefnu að það beri að leggja niður allar stofnanir og í þeim skilningi þá er núverandi fyrirkomulag okkar eitthvað sem ber að leggja niður. Og ég lít þannig á að þegar þessi stefna var mörkuð var það um leið tilmæli til okkar að breyta starfseminni í þeirri mynd sem hún er í dag og þá er það spurningin hvaða leið menn vilja fara. Sumir telja að hægt sé að dreifa allri starfseminni yfir lítið svæði og aðrir segja að þetta eigi að vera algjörlega aðskilið og þjónustumiðstöðin geti verið hvar sem er. Hver framtíðin verður á sem sagt eftir að koma í ljós.“

Koma fyrir inn í endurhæfinguna

Tryggvi er spurður hvort þjóðfélagið sé að kalla á breytingar: „Starfsemin sjálf hefur verið að mestu í föstum skorðum og góð reynsla komin á margt sem hér fer fram en að sjálfsögðu hafa orðið breytingar í tímans rás. Við höfum verið að brydda upp á nýjungum og eins hefur starfsemi í húsinu verið sameinuð. Um árabíl höfum við boðið einstaklingum að koma á heimilið til skammtímadvalar. Hefur þetta reynst mörgum mikilvægt til að auðvelda áframhaldandi sjálfstæða búsetu að koma hér um skemmri tíma, eða allt að sex vikur á ári. Einnig er það svo nú að skammtímadvölin er oft undanfari fastarar búsetu á heimilinu. Sjálfsbjargarheimilið rak lengi vel dagvist og iðjuþjálfar störfuðu á vegum heimilisins. Þessi starfsemi var færð saman undir hatt Þjónustumiðstöðvarinnar og um leið tókst okkur að efla þá starfsemi frá því sem áður var. Nú fer fram í Þjónustumiðstöðinni markviss endurhæfing og það sem hefur meðal annars gerst er að einstaklingar sem fatlast eru að koma mun fyrir til okkar, jafnvel hálfu ári eftir áfall. Við teljum okkur eiga góða möguleika í framtíðinni að sinna þessum hópi með því að tengjast einstaklingnum fyrir, fyrst og fremst þeim sem koma af Grensásdeild en þegar endurhæfingu lýkur þar þá segja margir að vandamálin byrji fyrir alvöru, þar sem þá er að koma sér fyrir og staðsetja sig í samfélaginu við mjög breyttar aðstæður. Við teljum okkur hafa ákveðna möguleika í okkar

starfsmannahópi til að sinna þessum einstaklingum og við viljum koma fyrir inn í endurhæfingarferlið og eiga um leið gott samstarf við Grensásdeild og aðrar endurhæfingarstofnanir, meðal annars Reykjalund.

Við höfum aðeins farið út í það að fara heim til einstaklinga á vettvangi Þjónustumiðstöðvarinnar og reyna að átta okkur á aðstæðum, leiðbeina fólki um val á hjálpartækjum og gera betrubætur í aðgengismálum heima fyrir þeim til hagræðingar með það markmið að stuðla að fremsta megni að sjálfstæðri búsetu á eigin forsendum og eigin vegum.“



Séð inn eftir gangi á einum af þremur hæðum heimilishluta Sjálfsbjargarheimilisins.

Mörg verkefni framundan

„Það er ljóst að við förum ekki úr húsinu fyrir en allt er tilbúið fyrir okkur í öðrum húsakynnum, það er ein af meginforsendunum að húsið verði selt eða eins og segir í ályktun framkvæmdastjórnar Sjálfsbjargar Ísfr. að fyrir liggja við afhendingu eignarinnar að íbúar í húsinu bæði á Sjálfsbjargarheimilinu og leigjendur í C álmu hafi fengið annað húsnæði til búsetu. Þetta er meginforsenda þess að af sölu hússins geti orðið. Við teljum okkur

Einkarými flestra íbúa er 12.5 fermetrar



Hluti salarkynna Þjónustumiðstöðvar.

hafa miklar skyldur gagnvart skjólstæðingum okkar og þar fyrir utan erum við með hátt í hundrað manns í vinnu, sem við höfum auðvitað skyldur við einnig.

Hvenær við flytjum er erfitt að segja til um. Hægt er að ímynda sér ef allt gengur að óskum að við verðum flutt innan fimm ára. Það verður samt ekki auðhlaupið að láta þá áætlun standast. Verkefni eru það mikil sem framundan eru varðandi söluna á húsinu, skipulagningu á starfsemi og að byggja eða finna annað húsnæði. En við bindum miklar vonir við að allt takist eins og hugmyndir gera ráð fyrir og við sjáum fyrir okkur að í nýju húsnæði hafi hver einstaklingur litla íbúð, sem yrði 55 til 65 fermetrar, með eldhúsi tengt setustofu, baðherbergi og svefnherbergi. Í tengslum við íbúirnar verði sameiginlegt rými fyrir íbúa og starfsaðstaða fyrir starfsmenn. Síðan verði starfsemi Þjónustumiðstöðvarinnar rekin af krafti með hliðsjón af þörfum nútímans og þar með líklega að hluta til utan veggja miðstöðvarinnar. Í tengslum við Þjónustumiðstöðina sé ég síðan fyrir mér að sundlaug, eldhús og matsalur verði rekin.“



Í þessu herbergi er einkarými íbúans 25 fermetrar enda hafa tvö herbergi verið lögð saman í eitt og komið fyrir baðherbergi.



Notendur Þjónustumiðstöðvar á rafskutlum í Nauthólsvík eftir velheppnaða ferð.

– Takk fyrir veittan stuðning –

REYKJAVÍK

- About Fish Íslandi ehf, Tryggvagötu 16
Aðalblíkk ehf, Vagnhöfða 19
Aðalmálun sf, Skólavörðustíg 10
Akron ehf, Síðumúla 31
Allar lagnir ehf, Æsufelli 4
Arctic rafting, Andrésbrunni 13
Arkitektar Laugavegi 164 ehf, Laugavegi 164
Arkitektastofan OG ehf, Sóltúni 1
ASK Arkitektar ehf, Geirsgötu 9
Atlantik ehf, Grandagarði 14
Á stofunni - arkitektar ehf, Bergstaðastræti 10
Áltak ehf, Stórhöfða 33
Árbæjarþrek ehf, Fylkisvegi 6
Árni Reynisson ehf, Laugavegi 170
Ártúnsskóli, Árvörð 6
Ásbjörn Ólafsson ehf, Skútuvogi 11a
Ásfell ehf, Fremmistekki 11
Ás-vinnustofa vangefinna, Brautarholti 6 (4.h)
BabySam á Íslandi, Skeifunni 8
Bananar ehf, Súðavogi 2e
Barnatannlæknastofan ehf, Faxafeni 11
Bátar og búnaður ehf, Barónsstíg 5
Betra líf ehf, Kringlunni 8
Bifreiðabyggingar sf, Tangarhöfða 5
Bilaleigan AKA, Vagnhöfða 25
Bilamálun Halldórs Þ Nikulássonar, Funahöfða 3
Bilasalan Höfðahöllin ehf, Kletthálsi 2
Bilasmiðurinn hf, Bildshöfða 16
Bilasprautun SMS ehf, Smiðshöfða 12
Bilastjarnan, Bæjarflöt 10
Björgun ehf, Sævarhöfða 33
Bláber ehf, Viðarrima 22
Borgarblöð ehf, Vesturgötu 15
Bókhaldsþjónusta Gunnars ehf, Ármúla 1
Breiðholtskirkja, Þangbakka 5
Byggingafélag Gylfa og Gunnars ehf, Borgartúni 31
DHL Á ÍSLANDI, Sundabakka 2
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Edda - útgáfa hf, Síðumúla 28
Efling stéttarfélag, Sættúni 1
EGill Árnason hf., Ármúla 8-10, 108 Reykjavík,
Baldursnesi 6, 603 Akureyri
Einar Jónsson Skipaþjónusta, Laufásvegi 2a
Endurskoðendabjónustan ehf, Skipiholti 50d
Endurskoðun og reikningsskil hf, Stangarhyl 5
Engey ehf, Dvergshöfða 27
Englabörninn ehf, Laugavegi 51
Ernst & Young hf, Borgartúni 30
Fasteignamarkaðurinn ehf, Óðinsgötu 4
Fasteignasalan Garður ehf, Skipiholti 5
Félagsbústaðir hf, Hallveigarstíg 1
Félagsmálaráðuneytið, Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17
Fjarhitun hf, Suðurlandsbraut 4
Fjárfestingafélagið Gaumur ehf, Suðurlandsbraut 48
Fjölbautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14
Fold-fasteignasala ehf, Laugavegi 170
FoodCo ehf, Bolholti 4
Formprent, Hverfisgötu 78
Fönix ehf, heimilistækjaverslun, Hátúni 6a
G.S.varahlutir ehf, Bildshöfða 14
Gallery Sautján
Garðmenn ehf, Skipasundi 83
GB Tjónaviðgerðir ehf, Draghálsi 6-8
Gissur og Palmi ehf, byggingafélag, Álfabakka 14a
Gítarskóli Ólafs Gauks, Síðumúla 17
GlaxoSmithKline, Þverholti 14
Glitnir banki ehf, Stórhöfða 17
Glitnir banki ehf, Háaleitisútbú, Háaleitisbraut 58
Glófaxi hf, Ármúli 42
Gluggahreinsun Loga, Funafold 4
Grand Hótel Reykjavík hf, Sigtúni 58
Grásteynir ehf, Grímshaga 3
Grensáskirkja, Háaleitisbraut 66
Guðlaug Harðardóttir, Frostafold 20
Guðmundur Arnaldsson, Kringlunni 93
Gúmmivinnustofan Sp, Skipiholti 35
Hafgæði sf, Fiskislóð 47
Hagaskóli, Fornhaga 1
Halldór Jónsson ehf, Skútuvogi 11
Happahúsið, Kringlunni 4-12
Hárgreiðslustofan Stubbalubbar, Barðastöðum 1-3
Heggur ehf, Bildshöfða 18
Heimilisprýði ehf við, Hallarmúla 1
HGK ehf, Laugavegi 13
HJ bílar ehf, Berjaríma 35
Hjá Jóa Fel-brauð- og kökulist ehf, Kleppsvegi 150
Hjálpræðisherinn á Íslandi, Garðastræti 38
Hreyfigreining Höfðabakka ehf, Höfðabakka 9
Hreyfimyndasmíðjan ehf, Garðsenda 21
Hreysti ehf, Skeifunni 19
Hringrás, náms- og starfsendurhæfing, Hátúni 10b
Hús verslunarinnar sf, Kringlunni 7
Húsafriðunarnefnd ríkisins, Suðurgötu 39
Húsaklæðning ehf, Ingólfsstræti 3
Húsun ehf, Hamarshöfða 6
Hvíta húsið hf, auglýsingastofa, Brautarholti 8
Hvítlist hf, Krókhálsi 3
Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
Höfði fasteignamiðlun ehf, Suðurlandsbraut 20, og
Bæjarhrauni 22
Iceland Excursion ehf, Höfðatúni 12
Iceland Seafood International ehf, Köllunarklettsvegi 2
IDNMENNT ses, Brautaholti 8
Iðntré ehf, Draghálsi 10
Ingileifur Jónsson ehf, Funahöfða 6
Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lág múla 9
Internet á Íslandi hf, ISNIC, Dunhaga 5
Ísloft blíkk- og stálsmiðja ehf, Bildshöfða 12
Ísól ehf, Ármúla 17
Ís-spor ehf, Síðumúla 17
Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6
Íþróttasamband fatlaða, Engjavegi 6
J. S. Gunnarsson hf, Fossaleyni 10
Jazzballettskóli Báru, Lág múla 9
Jón Ásbjörnsson hf, Geirsgötu 11
Kandís, heildverslun, Borgartúni 29
Kapólska kirkjan á Íslandi, Hávallagötu 14-16
Kennarasamband Íslands, Laufásvegi 81
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Kjartan Gunnarsson, Starhaga 4
Kone ehf, Síðumúla 17
KPMG hf, Borgartúni 27
Kraftur hf, Vagnhöfða 1
Lagnagæði ehf, Flúðaseli 94
Landbúnaðarráðuneytið, Sölvhólgötu 7
Landssamband lögreglumanna, Grettisgötu 89
Lausn Hugbúnaður ehf, Þorláksgæisli 64
Láshúsið ehf, Bildshöfða 16
Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
Listasafn Hótel Holt ehf, Bergstaðastræti 37
Lífland, Kornögörðum 5
Lífsorka ehf - hitabakstrar www.lifsorka.com,
Kristniabraut 67
Logoprent ehf, Höfðabakka 3
Lyngvík ehf, Síðumúla 33
Lögræðistofa Reykjavíkur ehf, Vegmúla 2
Lögmenn Fortis ehf, Laugavegi 7
M.G.B. endurskoðun ehf, Bildshöfða 14
Magnús og Steingrímur ehf, Bildshöfða 12
Malbik og völtun ehf, Hrísríma 33
Matfugli ehf, Völuteigi 2
Matthías ehf, Vesturfold 40
Meistarasamband byggingamanna, Skipiholti 70
Mentis hf, Borgartún 29
Merkismenn ehf, Ármúla 36
Mjólkursamsalan ehf, Bitruhálsi 1
Nobex ehf, Skútuvogi 1 b
Nonnabiti, Hafnarstræti 11
Nýi ökuskiólinn ehf, Klettagörðum 11
Nýja sendibilastöðin hf, Knarrarvogi 2
Nýja teiknistofan ehf, Síðumúla 20
Oddgeir Gylfason, tannlæknir, Síðumúla 84
Olíudreifing ehf, Gelgjutanga
Orkuvirki ehf, Tunguhálsi 3
Ottó auglýsingastofa ehf, Síðumúla 22
Ó. Johnson & Kaaber ehf, Tunguhálsi 1
Ósal ehf, Tangarhöfða 4
Pixlar ehf, Suðurlandsbraut 52
Pípulagnavektakar ehf, Langholtsvegi 109
Pottþétt ehf, Hjalalandi 30
Prentihúsið sf, prentsmiðja, Skúlatúni 6
Rafey ehf, Hamrahlíð 33a
Rafmiðlun hf, Dugguvogi 2
Rafneisti ehf, Langholtsvegi 112b
Rafsól ehf, Skipiholti 33
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Raftækning hf, Suðurlandsbraut 4
Raftúni ehf, Eyjarslóð 3
Rannsóknarþjónustan Sýni ehf, Lynghálsi 3
Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a
RST Net ehf, Smiðshöfða 6
Rúmfatalagerinn hf, Skeifunni 13
Rögn ehf, Ármúla 17a
Röntgen Domus Medica, Egilsgötu 3
Sagtækni ehf, Bæjarflöt 8e
Salli ehf, Vesturbergi 41
Samhjálp, Stangarhyl 3a
Samskiptamiðstöð heyrnarlausea,
Hús Sjómannaskóla v/ Háteigsvegi
Samson eignarhaldsfélag ehf, Sigtúni 42
Satúrnus ehf, Brautarholti 4a
Seljakirkja, Hagaseli 40
Setberg, bókaútgáfa, Freyjögötu 14
Sigurraf ehf, Stararíma 5
SÍBS, Síðumúla 6
Sjá-óháð vefráðgjöf ehf, Ingólfsstræti 1a
Sjónvél ehf, Skútuvogi 6
Skartgripaverslun Kornelíusar, Bankastræti 6
Skorri ehf, Bildshöfða 12
Skólavefurinn.is, Laugavegur 163
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs, Skógarhlíð 14
Sprinkler pípulagnir ehf, Bildshöfða 18
Staðalhus sf, Síðumúla 31
Stansverk ehf, Hamarshöfða 7
Stálsmiðjan ehf, Mýrargötu 10-12
Stúdíó Stafn ehf, Ingólfsstræti 6
Subway, Austurstræti 3
Suzuki bílar hf, Skeifunni 17
Sökkull ehf, Funahöfða 9
T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6
T.G.M. ráðgjöf, Ármúla 38
Talakönnun hf, Borgartúni 23
Tandur hf, Hesthálsi 12
Tannstofa Jónas R. Guðmundur H. og Jón B.B.,
Háaleitisbraut 1
Tannlæknastofa Björns Þorvaldssonar, Síðumúla 25
Tannlæknastofa Egil Kolbeinssonar, Grensásvegi 44
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur, Laugav. 163

Sjálfbjörg veitir aðgengisverðlaun

Á alþjóðadegi fatlaðra, 3. desember, veitti Sjálfbjörg Isf. sína árlegu aðgengisviðurkenningu. Að þessu sinni hlutu viðurkenninguna, Krónuverslanirnar í Mosfellsbæ og Vestur á Granda í Reykjavík, en eins og margir hafa sjálfsagt tekið eftir er aðgengi mjög gott í þessum nýju Krónuverslunum. Þar hefur verið hugsað um þarfir viðskiptavinarins og þá ekki síst með þarfir fatlaðra í huga, breitt er á milli rekka, hátt til lofst og aðgengilegt er í allar vörur sem eru á boðstólum. Það var Úlfur Eggertsson, verslunarstjóri í Mosfellsbæ, sem tók á móti viðurkenningunni fyrir hönd Krónunnar. Sagði hann við það tækifæri að í undirbúningi væru fleiri verslanir sem væru með sama sniðinu og þessar tvær Krónuverslanir. Í fyrria fékk Þjóðminjasafnið aðgengisverðlaun Sjálfbjargar.



Úlfur Eggertsson, verslunarstjóri Krónunnar í Mosfellsbæ tók á móti viðurkenningunni frá Sjálfbjörg. Honum á hvora hönd eru Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfbjargar og Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfbjargar.

Götuheraðurinn

„Við erum ungumenni á aldrinum 18–23 ára. Í sumar munum við starfa við svokallaðan Götuherað. Verkefnið er sumarstarf Ný-ungar í samstarfi við Reykjavíkurborg og Hitt húsið. Meginmarkmið okkar er að bæta ímynd hreyfihamlaðra. Útgangspunktur verkefnisins er stafræn veraldarvefsíða



Nokkrir Götuhermenn bregða á leik á Austurvelli í góða veðrinu í sumar.

þar sem við hlöðum inn myndbrotum, hljóðbrotum og annarri geysigóðri afþreyingu þar sem gildum samfélagsins er snúið á haus. Hreyfihamlaðir gerðir að fyrirmyndum í samfélaginu.“ Þannig kynntu þeir sig félagarnir sem lögðu af stað með Götuheraðinn í sumar og fylgdu því vel eftir og er hægt að sjá afrakstur þeirra á vefsíðunni www.oryrki.is. Einnig er mjög líflega síða sem þeir félagar hafa komið sér upp á My Space og er leiðin þangað www.myspace.com/gotuhernadurinn.

Í sumar var starfsemin með svipuðum hætti og í fyrria, þ.e. strákarnir héldu úti heimasíðu og bjuggu til „sketsa“ eða vídeó brot sem þeir settu inn á hana. Ýmist tóku þeir fyrir auglýsingar eða gerðu leikna „sketsa“ sem þeir unnu sjálfir handritið að. Tilgangurinn með verkefni sumarsins líkt og önnur sumur sem hópur inn hefur starfað saman var

að vekja athygli ófatlaðs fólks á ungu hreyfihömluð fólki og að bæta ímynd hreyfihamlaðra, þannig að af þeim sé jákvæðari mynd, en ef til vill hefur tíðkast hingað til.

Meðlimir verkefnisins í sumar voru Andri Valgeirsson, Arnar Birgisson, Ásgeir Einarsson, Egill Þorkelsson, Gunnar Guðmundsson, Halldór Sölvi

Viktorsson, Höskuldur Þór Höskuldsson og Orri Snær Karlsson.

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar

Minningarsjóður Jóhanns Péturs Sveinssonar óskar eftir umsóknum um styrki sem koma til úthlutunar í janúar 2008. Umsóknunum skal skila til Sjálfbjargar, landssambands fatlaðra, Hátúni 12, Reykjavík fyrir 10. janúar 2008 í umslagi merktu minningarsjóðnum. Tilgangur sjóðsins er einkum tvíþættur; a) að styrkja hreyfihamlaða einstaklinga til náms og b) að styrkja einstök málefni með aðgengi fyrir hreyfihamlaða í huga. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef svo ber undir.

Postulín

Bókarkafli

Ein bóka í jólabókaflóðinu er Postulín, sem Bókaútgáfan Salka gefur út, bók sem vakið hefur athygli og mikið verið fjallað um. Um er að ræða samtalsbók Ölmú Guðmundsdóttur við Freyju Halldórsdóttur sem þrátt fyrir fötlun sína hefur afrekað mikið og vakið aðdáun þjóðarinnar.

Við fæðingu kemur í ljós að Freyja er með genagalla sem veldur alvarlegum beinstökkva. Beinir eru svo viðkvæm að þau hrökkva jafnvel sundur við hvell hljóð, þau eru brotthætt eins



og postulín. En fjölskyldan lætur ekki erfiðar aðstæður buga sig og þrátt fyrir andstreymi vex Freyja úr grasi með það að leiðarljósi að lifa lífinu á sömu forsendum og aðrir. Með einbeittum vilja og dugnaði tókst henni að yfirstíga hverja hindrunina á fætur annari.

Alma Guðmundsdóttir, sem þekkt er fyrir að vera ein af söngdívunum í Nylon, var stuðningsfulltrúi Freyju um tíma og hreifst þá af viðhorfum hennar og óbilandi kjarki. Þær urðu nánar vinkonur: „Ég kynntist Freyju á lokaári hennar í Fjölbrautaskólanum í Gardabæ. Þá var ég aðstoðarkona hennar, en hún er bundin við hjólastól og þarfnast mikillar aðstoðar við athafnir daglegs lífs. Við köllum þetta ekki beint ævisögu, þar sem Freyja er ekki nema 21 árs gömul,


en það má segja að þetta sé saga hennar til dagsins í dag, sem endurspeglar hennar lífsviðhorf og hvernig hún hefur yfirstigið eigin fordóma.“

Um vináttu sína við Ölmú segir Freyja: „Vináttu okkar Ölmú hefur verið mér, og mun alltaf vera, einstaklega mikilvæg. Með hana við hlið mér tókst mér að opna fyrir gátt sem hefur alltaf verið stífluð og svara spurningum sem engin hefur þorað að biðja mig að svara. Það eru samt sem áður þær spurningar sem hafa hjálpað mér að hreinsa út óþarfa vanlíðan sem ég hef haldið inn í mér fram til dagsins í dag. Við Alma vonum að sú sjálfskoðun sem við förum báðar í gegnum, dusti rykið af gömlum tabúum, opni víðari sýn á margbreytileika mannlífsins og hjálpi

fólki að horfast í augu við sjálft sig og lífið.“

Við grípum niður í bókina þegar Freyja er komin heim, er ekki sátt við heimahjúkrun, lýsir álaginu á foreldra hennar og „vonleysisfundunum“.

„Þegar við fluttum heim var ljóst að við urðum að fá meiri aðstoð. Mamma gat ekki séð ein um heimilið og verið í fullu starfi við að annast mig svo pabbi hafði samband við fjölskylduráðgjafa Þroskahjálpar til að fá leiðsögn. Þar komust foreldrar mínir í kynni við einstaka konu sem átti margsinnis eftir að ráðleggja okkur og leiðbeina. Hún hafði svör á reiðum höndum og bauðst til að funda með foreldrum mínum ásamt bæjaryfirvöldum. Í kjölfarið fórum við að fá sjúkraliða og hjúkrunafræðinga inn á heimilið. Þeirra hlutverk var að aðstoða mig við að fara á fætur á morgnana og háttá á kvöldin og það var kærkomið fyrir fjölskylduna því öll sú aðstoð sem ég þurfti varð erfiðari með tímanum og reyndi líkamlega á foreldra mína, ekki síst mömmu. Ég hafði auðvitað stækkað og þyngst með aldrinum svo að mamma var orðin mjög bakveik og þreytt í handleggjunum. Innst inni skildi ég vel að foreldrar mínir þyrftu aðstoð, en mér fannst samt óþolandi að fá heimahjúkrun. Að mínu mati var hún bara fyrir gamalt fólk. Ég hafði séð hvernig hjúkrunarkonurnar höfðu aðstoðað Björgu ömmu þegar hún var veik og fannst óþægileg tilhugsun að ég ætti að fá slíka aðstoð. Ég var svo vön handtökum mömmu og fannst enginn annar geta sinnt mér eins og hún. Mér fannst það innrás í mitt einkalíf og öll þjónusta sem þær veittu var svo persónuleg að mér fannst ég vera að kafna. Það var ekki það að starfsfólkið væri slæmt, þvert á móti, bitinn var einfaldlega of stór til að ég gæti kyngt honum hjálparlaust. Mér fannst þetta svo asnalegt, ég upplifði mig sem einhvern sjúkling og ekki var það skárna að þurfa að fara fyrir heim af uppákomum og skemmtunum í skólanum á kvöldin því hjúkrunar voru að koma. Vinkonurnar skildu þetta vel, en aldrei í lífinu hefði ég viðurkennt þetta fyrir öðrum. Eftir að heimahjúkrun tók til starfa fór starfsfólkið að gagnrýna aðstöðuna heima fyrir og það var í raun fyrir þeirra tilstilli að ég fékk nýja dýnu. Hún var með fjarstýringu svo hægt væri að hækka hana og lækka eftir þörfum, þvílík



bylting! Í dag skiljum við í rauninni ekki hvernig við komumst af án hennar áður fyrr. Það kom margt gott með þessum hjúkrunarkonum og upp til hópa höfðu þær góða nærveru. Sumar þeirra urðu eins og hluti af fjölskyldunni, þetta voru bara svo mikil viðbrigði.

Ég fór allra minna ferða á rafmagnshjólástól sem ég stýrði sjálf, bæði innan og utan húss. Það var visst frelsi í því fólgið til að byrja með en það fór smám saman að verða hindrun sem olli óánægju og kvíða. Aðgengi var langt frá því að vera nógu gott til að ég gæti farið allt sem ég vildi með vinum mínum og stóllinn var svo stór og þungur að þeir gátu ekki komið honum yfir minnstu hindranir. Ég hafði ekki nægilega vítt sjónarhorn til að geta stýrt án þess að klessa á og mér fór að finnast það vandræðalegt og stressandi. Það fór mikið fyrir mér á stólnum og þar sem ég var ekki í uppahaldi hjá sjálfri mér vildi ég helst láta sem minnst á mér bera. Tvisvar hafði mér mistekist að keyra upp brautirnar á bíl ferðapjónustu fatlaðra með alvarlegum afleiðingum svo ég var orðin mjög hvekkst á að stýra sjálf. Á þessu varð að taka og einn daginn tilkynnti ég að tíma rafmagnshjólástólsins væri lokið í bili. Ég var orðin vön að leggja línurnar fyrir mömmu og pabba áður en þau fóru á fundi í tengslum við minn aðbúnað eða þjónustu, en þegar þau komu heim varð ég oft svekkt og sár yfir niðurstöðunum, sérstaklega ef upp komst að þau höfðu gleymt að taka fram það sem ég hafði beðið um. Pabbi benti mér réttilega á að ég var orðin nógu gömul til að tala mínu máli sjálf svo úr varð að ég fór að mæta á fundi með mömmu

eða pabba og fjölskylduráðgjafanum góða. Ég rökstuddi mál mitt með því að aðgengi væri of slæmt til að komast um og flestir stoðtækjafræðingar virtu ákvörðun mína, en einn iðjuþjálfinn gat ekki setið á sér. Það er nú ekki eins og þú sért á leiðinni í fjallgöngur, sagði hún glottandi. Það fauk í mig en ég sagði ekki neitt. Hvað vissi hún um hvað ég ætlaði mér að gera? Raunin var bara sú að fyrir mig var daglegt umstang orðið jafn mikið átak eins og fyrir gangandi einstakling að klífa fjöll, en það gat enginn skilið fyllilega nema ég sjálf. Fundunum fjölgaði stöðugt því öll aðstaða okkar var úrelt og það vantaði fleiri tæki og aðstoð til að gera lífið auðveldara og venjulegra. Þeir báru þó engan sérstakan árangur og fljótlega fengu þeir nafnið vonleysisfundirnir. Fjölskylduráðgjafinn virtist vera sú eina sem var okkur alltaf innan handar og talaði okkar máli óspart. Hún skildi aðstöðu okkar fyllilega á meðan aðrir virtust stöðugt efast um þörf mína fyrir hvers kyns aðstoð. Aldrei hvarflaði það að okkur að biðja um meira en við þurftum, enda engin lífsgæði í því fólgin að fylla húsið af óþarfa hjálpartækjum eða vera með hersingu af aðstoðarfólki, nóg var það nú fyrir.

Álagið og barningurinn hafði áhrif á heimilislífið og andrúmsloftið var stundum svo rafmagnað að ég þorði varla að draga andann. Þegar mér leið illa leið foreldrum mínum illa og það dró úr andlegri orku okkar. Einn daginn þegar við vorum á leið á enn einn vonleysisfundinn til viðbótar var mamma búin með kvótann og treysti sér ekki til að fara með. Hún gat ekki haldið andliti á þessum fundum mínúttunni lengur án þess að missa stjórn á sér og hreyta dónaskap í mótherja okkar, kerfið. Ekki var á það bætandi að eftir þessar samkomur var ég iðulega óstjórnlega pirruð og skapvond - mér fannst rödd mín ekki heyrast, það var eins og hún leystist upp í loftinu. Það var erfitt að horfa upp á mömmu og pabba upplifa svona mikla vanlíðan. Sjálfsásökun hreiðraði oft um sig innra með mér og til að hlífa þeim bældi ég minn eigin sársauka niður. Það fyllti mig miklu óöryggi þegar ég fann að foreldrar mínir voru að gefast upp og kikna undan álaginu. Ég þekkti og skildi þá örverntingu vel en þegar stoðin og styttn hrundu þá hrundi veröld mín líka.“

Gaukshreiðrið

Halaleikhópurinn æfir um þessar mundir leikrit sem fjallar um stöðu sjúklinga á geðveikrahæli

Hjá Halaleikhópnum standa yfir æfingar á Gaukshreiðrinu eftir Dale Wasserman byggt á skáldsögu Ken Kesey í þýðingu Sonju B. Jónsdóttur. Leikstjóri er Guðjón Sigvaldason. Gaukshreiðrið er áhrifamikið leikrit, en það er kvikmyndin One Flew Over Cuckoo's Nest, sem gerð er eftir skáldsögunni sem flestir kannast við. Sú kvikmynd, sem Milos Forma leikstýrði og Jack Nicholson sýndi eftirminnilegan leik í, fékk fimm óskarsverðlaun á sínum tíma og er flestum sem hana hafa séð ógleymanleg upplifun. Það er því ljóst að Halaleikhópurinn ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur eins og þeirra var von og vísa.

Gaukshreiðrið endurspeglar á óviðjafnanlegan hátt þann uppreisnaranda, sem ríkti í vestrænum heimi á seinni helmingi sjöunda áratugar síðustu aldar. Leikritið gerist á ríkisreknu geðsjúkrahúsi, þar sem einn vistmaður æsir sjúklinga á stofnuninni með sér í uppreisn gegn því, sem hann telur vera miskunnarlaust harðstjórnarkerfi. Kerfið bregst ókvæða við og ekkert er látið ógert til að brjóta uppreisnina á bak aftur sem verður upphafsmanni uppreisnarinnar dýrkeypt.

Í Gaukshreiðrinu er fjallað um sjúklinga á geðveikrahæli og hvað felst raunverulega í geðveiki. Kannski á sumt við



Ásdís Skúladóttir, formaður Halaleikhópsins og Guðjón Sigvaldason sem leikstýrir Gaukshreiðrinu.

enn þann dag í dag. Í verkinu er velt upp spurningunni, hvort raunveruleg andleg heilun fáist með vist inni á geðveikrahæli fjarri venjulegu lífi og láta kerfið ákveða, hvað komi sjúklingunum best.

Leikstjóri Gaukshreiðrins, Guðjón Sigvaldason leikstýrði meðal annars Halaleikhópnum í Fílamanninum (2005) og Kirsuberjagarðinum (2004). Stefnt er að því að frumsýna í lok janúar.

Þess má svo að lokum geta að Halaleikhópurinn hefur hafið útgáfu gjafabréfa sem eru tilvalin til tækifæris- og jólagjafa. Gjafabréf fyrir einn á sýningar Halaleikhópsins kostar 1500 kr, fyrir tvo 3000 kr. og fyrir börn 1000 kr. Bréfin gilda á aðal sýningar ársins. Nánari upplýsingar í síma 865-6706.

Hvatningarverðlaun

Á alþjóðadegi fatlaðra 3. desember voru veitt í fyrsta sinn Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands til þeirra sem stuðlað hafa að einu samfélagi fyrir alla. Veitt voru þrenn verðlaun: til fyrirtækis, stofnunar og einstaklings, sem þykja hafa skarað fram úr og endurspeglad nútímalegar áherslur um jafnrétti, sjálfstætt líf og þátttöku fatlaðra í samfélaginu.

Leitað var til allra 32 aðildarfélaganna ÖBÍ með tilnefningar. Undirbúningsnefnd valdi sex tilnefningar í hverjum flokki sem sérstök dómnefnd tók endanlega afstöðu til. Dómnefndina skipuðu Ólöf Ríkarðsdóttir fyrirverandi formaður ÖBÍ, Kristín Rós Hákonardóttir afrekskona í sundi, Kristín Ingólfssdóttir rektor HÍ,

Styrmir Gunnarsson ritstjóri og Þorkell Sigurlaugsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs HR.

Fyrir valinu urðu **Starfsendurhæfing Norðurlands** sem var verðlaunuð í flokki stofnana fyrir uppbyggingu starfsendurhæfingar sem byggist á samstarfi ólíkra starfsstétta og öflugu samfélagslegu tengslaneti. **Móðir náttúra** var verðlaunuð í flokki fyrirtækja fyrir þátttöku sína í verkefninu Allt að vinna, sem er mikilsvert starf til aukinnar atvinnuþátttöku fatlaðra. **Freyja Haraldsdóttir** var verðlaunuð í flokki einstaklinga fyrir áhrif sín í að breyta viðhorfi fólks til fatlaðra og fyrir að vera frumkvöðull í að koma á fót notendastýrðri þjónustu.

– Takk fyrir veittan stuðning –

Tannréttingastofa Guðrúnar Ólafsdóttur, Snorrabraut 29
Tannsmíðaverkstæði ehf, Síðumúla 29
TBWA\ Reykjavík, Tryggvagötu 11
Teiknistofan Óðinstorgi verkfræðideild, Óðinsgötu 7
Teiknivangur, teiknistofa, Kleppsmýrarvegi 8
Trésmíðja Magnúsar F Jónssonar, Súðarvogi 54
Trésmíðjan Jari ehf, Funahöfða 3
Tróbeco ehf, Laugavegi 71
Túnþökuþjónustan ehf, Reykási 43
Umslag ehf, Lág múla 5 (bakhús)
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf, Vesturhlíð 2
Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar, Fjarðarási 25
Útlutningsráð Íslands, Borgartúni 35
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
Útivist og sport, Faxafeni 12
V.R., Kringlunni 7
VA arkitektar ehf, Borgartúni 6
Vagnsmíðjan - Húsvagnar ehf, Eldshöfða 21
Veitingahúsið Perlan ehf, Öskjuhlíð
Verðbréfaskráning Íslands hf, Laugavegi 182
Verkfræðistofan Afí og Orka ehf, Hraunbergi 4
Verkfræðiþjónusta Guðmundar G. Þórarinssonar ehf,
Rauðagerði 59
Verslunin Brim
Verslunin Fríða frænka, Vesturgötu 3
Vélaver hf, Krókhálsi 16
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
Vinabær, Skipaholti 33
Víkuvagnar ehf, Dvergshöfða 27
Vímulaus æska, foreldrahús, Vonarstræti 4b
VSÓ Ráðgjöf, Borgartúni 20
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20
VT þjónustan, Esjugrund 18
Zeppelin ehf, Skeifunni 19
Þúsund þjalir ehf, umboðsskrifstofa listamanna,
Urðarstíg 4
Þýðingþjónusta Boga Arnars, Engjaseli 43
Ögurvík hf, Týsgötu 1
Öryggismiðstöð Íslands hf, Borgartúni 31
Seltjarnarnes
Horn í horn ehf, parketlagning, Unnarbraut 24
Prentsmíðjan Nes ehf, Hrólfsskálavör 14
Pylsusalan bæjarins beztu, Bollagörðum 11
S.Gunnarsson ehf, Melabraut 22
Úranus ehf, Grænasmýri 24
Önn ehf, verkfræðistofa, Eiðstorgi 15

KÓPAVOGUR

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Á Guðmundsson, Bæjarlind 8-10
Baltik ehf, Smiðjuvegi 14
Barki ehf, Nýbýlavegi 22
Bílaþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2
Bilvogur ehf, Auðbrekku 17
Blikkás - Funi ehf, Smiðjuvegi 74
Blikkform ehf, Smiðjuvegi 52
Blikksmíðja Einars ehf, Smiðjuvegi 4b
Blikksmíðjan Vík ehf, Skemmuvegi 42
Bókasafn Kópavogs, Hamraborg 6a
DK Hugbúnaður ehf, Hlíðasmára 17
Dælu og ráðgjöf ehf, Smiðjuvegi 74
Eignarhaldsfél Brunabótafélag Íslands, Hlíðasmára 8
Einar Beinteins ehf - Dúklagningameistari, Grófarasmára 8
ES rafverktakar ehf, Litlahjalla 1
Fasteignastöðin, Hús og hýbýli, Hlíðasmára 27
Félagsþjónusta Kópavogs, Fannborg 4
Fjárfestingamiðlun Íslands ehf, Hlíðasmára 8
Fjölvirki ehf, Digranesvegi 32
Freyðing ehf, Kórsölum 1
Hagblikk ehf, Smiðjuvegi 4c

Hegas ehf, Smiðjuvegi 1
Hellur og garðar ehf, Kjarrhólma 34
Hexa ehf, Smiðjuvegi 10
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktak, Daltúni 1
Iðnprent ehf, Akralind 7
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
Íspan ehf, gler og speglar, Smiðjuvegi 7
Járnsmíðja Óðins ehf, Smiðjuvegi 4b
JÓ lagning sf, Askalind 8
Jón og Salvar ehf, Smiðjuvegi 44
Klippt og skorið hársnyrtistofa, Hamraborg 10
Kópavogsbær, Fannborg 2
Kraftvélar ehf, Dalvegi 6-8
Kríunes ehf, Kríunesi við Vatnsenda
Krossinn, kristilegt félag, Hlíðasmára 5-7
Lakkskemman ehf, Skemmuvegi 30
Litlaprent ehf, Skemmuvegi 4
Logey ehf, Vesturvör 7
Lögmannstofa SS ehf, Hamraborg 10
Marás ehf, Akralind 2
Nýblóm ehf, Nýbýlavegi 14
Nýmót ehf, Lómasölum 1
Rafvörur ehf, Dalvegi 16c
Reynir bakari, Dalvegi 4
Skipasalan ehf, Bæjarlind 14-16
Slökkvæðingamiðlun ehf, Bakkabraut 16
Smurstöðin Stórahjalla ehf, Stórahjalla 2
Sól Gallerí, Grænátúni 1, s:5543799
SR múr ehf, Laufbrekku 19
Stáliðjan, Smiðjuvegi 5
Strókur ehf, Dimmuhvarfi 27
Svansprent ehf, Auðbrekku 12
Söluturminn Smári, Dalsvegi 16c
Tannsmíðastofan sf, Hlíðasmára 9
Tónlistarskóli Kópavogs, Hamraborg 6
Tækniþjónusta Ragnars G Gunnarssonar ehf,
Smiðjuvegi 11
Vatnsvirkjar ehf, almenn pípuögn og þjónusta,
Háulind 26
Veitingaþjónusta Lárusar Loftssonar, Nýbýlavegi 32
Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf, Bæjarlind 4
Verkfræðistofa Snorra Ingimarssonar ehf, Hamraborg 11
Vidd ehf, flísaverslun, Bæjarlind 4

GARÐABÆR

AH Pípuögn ehf, Suðurhrauni 12c
BB skilti, skiltagerð, Miðhrauni 22
Elektra ehf, Lynghálsi 11
G.M. Byggir ehf, Krókamýri 58
Geislataekni ehf Laser-þjónustan, Suðurhrauni 12c
H.Filipsson sf, Miðhrauni 22
Hafnasandur sf, Birkiási 36
Haraldur Böðvarsson og co ehf, Birkiási 1
Héðinn Schindler lyftur hf, Lyngási 8
Húsgögn ehf smíðastofa og viðgerðir, Gilsbúð 3
Kjarnavörur hf, Miðhrauni 16
MD vélar ehf, Stórási 4
Nylonhúðun ehf, Lyngási 8
Sportís ehf, Austurhrauni 3
Teknís ehf, Miðhrauni 8
Tækni-Stál ehf, Suðurhrauni 2
Vefur ehf, heildverslun, Hagafliót 2
Verkhönnun - Tæknisalan ehf, Kirkjúlundi 19

HAFNARFJÖRÐUR

Armar ehf vinnulyftur, Flatahrauni 25
Ás, fasteignasala ehf, Fjarðargötu 17
Batteríð ehf, Trönuhrauni 1
Bergsteinn hf, Skútuhrauni 2a
Betri stofan ehf, Fálkakrauni 9

Bílaverk ehf, Kaplahrauni 10
Byggingafélagið Kambur ehf, Hólshrauni 2
Byggingafélagið Sandfell ehf, Reykjavíkurvegi 66
Dverghamrar ehf, Lækjarbergi 46
Eiríkur og Einar Valur hf, Breiðvangi 4
Essei ehf, Hólshrauni 5
Feðgar ehf, Brekkutröð 1
Finnþússning ehf, Rauðhelli 13
Fjarðarmót ehf, Bæjarhrauni 8
Gafllarar ehf Rafverktakar, Lónsbraut 2
Geymslusvæðing ehf, Hraungörðum
Gullfari ehf, Vesturholti 2
H. Jacobsen, Reykjavíkurvegi 66
Hafnarfjarðarbær, Strandgötu 6
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Heiðar Jónsson, járnsmíði, Skútuhrauni 9
Hella ehf, málmeystipa, Kaplahrauni 5
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Hringhelli 6
Hrafnistuheimilin
Hvalur hf Hafnarfirði
Höfn öldrunarmiðstöð, Sólvangsvegi 1
Íslensk Orkuvirkjun ehf, Trönuhrauni 7b
Ísmenn ehf, pípuögn, Flatahrauni 5b
Kerfi ehf, Flatahrauni 5b
Krossborg ehf, Stekkjarhvammi 12
Lerkiverktakar ehf, Skúlaskeiði 26
Meta-Járnsmíði ehf, Dalshrauni 16
Nýsir hf, Reykjavíkurvegi 74
Rafgeymasalan ehf, verkstæði, Dalshrauni 17
Rafholt ehf, Blómvöllum 6
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
Raftaki ehf, Efstuhlíð 4
Sjúkrapjálfarinn ehf, Strandgötu 75
Snitvélín ehf, Brekkutröð 3
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Stafræna hugmyndasmíðjan ehf - sími 554 2100,
Bæjarhrauni 22
Suðulist-Reisir ehf, Lónsbraut 2
Suðurverk hf, Dranghrauni 7
Sýningaljos sf, Klettagötu 12
Tannlæknastofa Harðar V Sigmarssonar sf,
Reykjavíkurvegi 60
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar, Strandgötu 32
Útvík hf, Eyrartröð 7-9
VBS-verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Vélaverkstæði Hjálta Einars ehf, Melabraut 23-25
Vélaverkstæði Jóhanns Ólafssonar ehf,
Reykjavíkurvegi 70
www.garðyrkan.is, Helluhrauni 4

BESSASTAÐAHREPPUR

Bókasafn Álfatness, Álfatnesskóla
Járnbrá ehf, Blikastíg 6

REYKJANESBÆR

B & B Guesthouse, Hringbraut 92
DMM Lausnir ehf, lðavöllum 9b
Efnalaug Suðurnesja - BK-hreinsun ehf, lðavöllum 11b
Eignamiðlun Suðurnesja, Hafnargötu 17
Fasteignasalan Ásberg ehf, Hafnargötu 27
Fitjavík ehf, Fitjavík
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Sunnubraut 36
Frístund-myndbandaleiga ehf, Faxabraut 27
Geimsteinn ehf, Skólavegi 12
Hársnyrtistofan Hólmgarði sf, Hólmgarði 2
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36
Hlévangur, dvalarheimili Keflavíkur, Faxabraut 13
Húsanes ehf, byggingarverktakar, Hafnargötu 20
Keflavíkirkirkja, Kirkjuvegi 25

Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar, Isf

Eitt samfélag fyrir alla

Ekki mismunun á grundvelli fötlunar

Hvernig er það samfélag sem fatlaðir vilja sjá að verði að raunveruleika? Með þunga áherslu á orðið raunveruleiki. Það er samfélag þar sem fatlaðir taka fullan þátt á öllum sviðum á sínum forsendum í samræmi við getu sína, hæfileika og þarfir. Samfélag þar sem einstaklingum er ekki mismunað á grundvelli fötlunar heldur sköpuð jöfn tækifæri og aðstöðumunur vegna fötlunar er jafnaður. Samfélag þar sem jafnrétti og jafnræði einstaklinga ríkir og allir geta notið réttinda og sinnt skyldum. Samfélag þar sem tekið er tillit til þarfa, frelsis og sjálfsákvörðunarréttis einstaklingsins á forsendum hans og hann hefur vald yfir eigin lífi. Til þess að þetta geti orðið verða margir þættir að vera í lagi. Í fyrsta lagi verða viðhorf fatlaðra og ófatlaðra, einstaklinga, fyrirtækja,

félagasamtaka, stjórnámálanna og opinberra aðila að vera í samræmi við framangreind markmið. Í öðru lagi: Lög frá Alþingi, alþjóðasáttmálar og reglur í samfélaginu verða að vera fullnægjandi. Í þriðja lagi þarf samneysla og samhjálp að vera til staðar í samfélaginu með því að skattar eru lagðir á alla einstaklinga og fjölbreytta starfsemi samfélagsins, sem síðan skulu notaðir til að veita þjónustu er hefur framangreind markmið að leiðarljósi.

Þetta er ekki samfélag hindrana og útilokunar eða forréttinda og mismununar. Þetta er ekki samfélag þar sem aðgengi

fatlaðra að skólum, vinnustöðum, almenningssamgöngum, verlsun og þjónustu er stórlega ábótavant. Þetta er ekki samfélag þar sem stærstur hluti alls íbúðarhúsnæðis er óaðgengilegur hreyfihömluðum. Ekki heldur samfélag þar sem ófullnægjandi þjónusta við fatlaða hindrar samfélagsþátttöku eða leggur sérstakar byrðar á fatlaða. Þetta er ekki samfélag þar sem fatlaðir greiða fulla skatta sem að hluta til er notaðir til að veita opinbera þjónustu sem fatlaður skattgreiðandi hefur síðan ekki aðgang að vegna fötlunar sinnar; lesist fötlunar viðkomandi opinberu þjónustunnar.

Fyrir útsvarspeninga heldur Reykjavíkurborg meðal annars uppi öflugum strætisvagnakerfi en fatlaður Reykvíkingur á ekki möguleika að nota sér þessa þjónustu, sem hann þó borgar fyrir eins og aðrir Reykvíkingar.



Þetta leiðir hugann að því hvað sé mismunun á grundvelli fötlunar? Til að svara þessu getum við tekið Nonna sem dæmi: Nonni er hreyfihlaður einstaklingur og notar hjólastól. Nonni býr í íbúð sem hann keypti nýlega. Það reyndist ekki vandalaust að finna þessa íbúð því langflestar íbúðirnar sem hann skoðaði á fasteignamarkaðnum voru illa eða alls ekki aðgengilegar. Íbúðin sem hann keypti var heldur ekki fullnægjandi, en Nonni lét breyta henni og lagði út í umtalsverðan kostnað til að gera baðherbergi og eldhús aðgengilegt. Þennan kostnað vegna fötlunar sinnar varð Nonni að bera sjálfur að langmestu leyti. Nonni var í sumarleyfi, en í lok ágúst átti hann að mæta til vinnu á auglýsingastofunni þar sem hann starfar. Hann ákvað að fá far með strætó í vinnuna, en svo er almenningsvagnþjónusta á Íslandi nefnd. Nonni fór á stoppistöðina og beið eftir vagninum. Þegar vagninn kom reyndist ekki mögulegt fyrir hann að komast inn í strætisvagninn. Nonni spurði vagnstjórann hverju þetta sætti, sem svaraði af kurteisni og hjálpsemi að það væru sérstakir vagnar eingöngu fyrir fatlaða, kallaðir ferðaþjónusta fatlaðra. Nonni fór heim og hafði samband við hina sérstöku ferðaþjónustu fatlaðra og spurði hvernig hann gæti notið þjónustunnar. Jú, það er auðsótt mál, en fyrst þarftu að sækja um leyfi til þess, var honum tjáð. Nonni fann umsóknareyðublaðið á vefnum og fyllti það út. Þar kom fram að læknisvottorð um fötlun hans ætti að fylgja umsókninni. Hann fór til læknisins og bar upp erindið. Læknirinn leit á hann rannsakandi og sagði „Já, ég sé hvert vandamál þitt er“, gekk frá læknisvottorðinu og afhenti Nonna með bros á vör. Tveim vikum seinna var „vandamál“ Nonna leyst og hann fékk far í vinnuna með ferðaþjónustu fatlaðra. Nonni er í stéttarfélagi eins og langflest launafólk á Íslandi. Stéttarfélagið á og rekur orlofshús úti á landi í falletgri sveit. Orlofshúsin eru ódýr fyrir þá félagsmenn sem taka þau á leigu enda er kostnaður við byggingu þeirra og rekstur stórlega niðurgreiddur með iðgjöldum sem allir félagsmenn í stéttarfélaginu greiða af launum sínum til félagsins. Í sumarleyfi sínu hugðist Nonni leigja orlofshús. Hann komst hinsvegar að því að þau voru öll algjörlega óaðgengileg hreyfihömluðum einstaklingi í hjólastól.

Þessi saga af Nonna er saga af mismunun á grundvelli fötlunar. Sagan snýst m.a. um læknisfræðilega sjónarhornið á fötlun og félagslega sjónarhornið. Er vandamálið fólgið í fötlun Nonna eða er eitthvað að íbúarhúsum landsmanna? Af hverju eru orlofshús stéttarfélagsins ekki aðgengileg öllum félagsmönnum þess? Er Nonni vandamálið eða „fötlun“ strætisvagnsins? Er skortur á aðgengi fyrir alla að strætisvagni læknisfræðilegt úrlausnarefni? Ert þú vandamálið eða samfélagið? Hefði ekki verið réttara að snúa sér til rekstraradila strætó og krefjast aðgengis fyrir alla að strætisvögnum? Strætisvagnþjónusta er jú niðurgreidd með skattþeningum allra borgarbúa, líka þeim sem Nonni greiðir. Við búum sjálf til þær hindranir sem fatlaðir standa frammi fyrir í samfélaginu. Það er okkar allra að riðja þeim úr vegi. Einstaklingur með fötlun er ekki fötlunin heldur einstaklingur með sömu langanir og þarfir og allir aðrir í samfélaginu. Þess vegna ætti fyrsta hugsunin að vera: Það er enginn munur á fötluðu fólki og ófötluðu. En það geta verið mismunandi þarfir.



ENNEEM / SIA / NM18087

GEÐSJÚKDÓMAR ERU EKKI SMITANDI

Öllum getur liðið illa – sumum mjög illa. Oft getur hjálpað mikið að vera til staðar og hlusta á og hlúa að þeim sem á erfitt.



LÝÐHEILSUSTÖÐ

- lifið heil

Já ég vinn hérna

Kringlan var vettvangur skemmtilegs og uppbyggjandi verkefnis á vegum Sjálfsbjargar, helgina 24.-25. nóvember.

Atvinna við hæfi fyrir einstaklinga með fötlun var þema alþjóðadags fatlaðra, sem er 3. desember. Af því tilefni var Sjálfsbjörg með verkefni í samvinnu við fyrirtæki í Kringlunni helgina 24.-25. nóvember þar sem Sjálfsbjargarfélagar voru „starfsmenn“ í bolum merktum, Já, ég vinn hérna. Einnig var Sjálfsbjörg með sölubás þar sem ýmislegt var í boði, meðal annars geisladiskar og þeir sem litu við hjá Sjálfsbjörg gátu tekið þátt í spennandi getraun. Þá var boðið upp á hjólastólaferð með bílstjóra fyrir þá sem voru orðnir fótalúnir af búðarápinu og

Hér má sjá þau Kristínu Magnúsdóttur og Kristinn Guðjónsson að störfum við sölu- og kynningarbásinn í Kringlunni, en oft var annasamt við borðið.



Anna Guðrún Sigurðardóttir og Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, stjórnarkonur í Sjálfsbjörg hjálpuðu til í verzlunum og kynntu málefnið.



Aðalbjörg og Höskuldur brosa sæl framan í ljósmyndarann.

meðlimir í Ný-ung, ungliðahreyfingu Sjálfsbjargar, voru duglegir að bjóða fram aðstoð sína í verslunum.


Óhætt er að segja að verkefnið hafi tekist vel og vakti framgangna félaga í Sjálfsbjörg verulega athygli og var nóg að gera við sölu- og kynningarbásinn þar sem vel var tekið á móti gestum. Á opnunni má sjá svipmyndir úr Kringlunni dagana sem fatlaðir lögðu áhersla á að atvinna hæfir fötluðum ekki síður en ófötluðum.



Kristín Magnúsdóttir og Kristinn Guðjónsson lágu ekki á liði sínu við sölubásinn í Kringlunni.



Peir Friðrik og Gunnar höfðu gaman af og voru á stanslausum þeytingi um alla Kringluna.



Söluþorðið í Kringlunni. Við borðendann stendur Grétar Pétur Geirsson, formaður Reykjavíkurdeildar Sjálfsbjargar.



Félagar í Sjálfsbjörg heimsóttu verslanir í Kringluna og buðu fram aðstoð sína.



Kristinn Guðmundsson að störfum með viðskiptavin, en hann stýrði hjólastólnum sem þreyttum viðskiptavinum Kringlunnar stóð til boða.

Þórir Steingrímsson, formaður Heilaheilla:

Með því að halda uppi áróðri erum við að bjarga mannlífum

Heilaheill hefur verið áberandi á síðustu tveimur árum og staðið fyrir mörgum atburðum sem vakið hafa athygli á félaginu og baráttumálum þess. Heilaheill samanstendur af þeim er fengið hafa slag (heilblæðingar, blóttappa eða súrefnisþurrð af einhverju tagi), aðstandendum, fagaðilum svo sem læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum heilbrigðisstéttum og þeim sem áhugahafa á málefnum. Markmiðið er að koma á framfæri fræðslu um sjúkdóminn til þess að bjarga mannlífum. Hér á landi fá um 700 manns heilablóðfall á hverju ári og reikna má með að einn af hverjum sjö fái slag á lífsleiðinni. Þórir Steingrímsson, rannsóknarlögreglumadur og leikari er formaður Heilaheilla og í framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar og er ekki ofsögum sagt að miklar breytingar urðu á Heilaheill í kjölfar þess að hann varð formaður:

„Fyrirrennari Heilaheils, Félag heilablóðfallsskaðara, var stofnað 1994 og var þá uppistaðan í félaginu sjúklingar, sem höfðu fengið slag og fór starfsemi félagsins að mestu í að sækja um styrki þeim til handa sem höfðu lent í áfalli. Það er svo um aldamótin að aðstandendur koma meira inn í félagið og var það mest vegna þess að þeir sem voru í forsvari félagsins þurftu á aðstoð og hjálp að halda til að geta rekið félagið og haldið fundi. Var inntaka aðstandenda hið besta mál og gerði starfsemina virkari.“

Nýtt nafn

Þegar Þórir var í endurhæfingu eftir að hafa fengið heilablóðfall 2004 var honum boðið að gerast meðlimur í Félagi heilablóðfallsskaðara sem hann hafnaði: „Ég gat ekki hugsað mér að vera í félagi með þetta nafn, sem að mínu mati

er neikvætt og auk þess óhentugt. Ég lét vita af því til forsvarsmanna félagsins hver ástæðan var fyrir því að ég vildi ekki gerast meðlimur og að mér fyndist nafnið dæma menn úr leik. Formaður félagsins, sem þá var Þóra Sæunn Úlfsdóttir, talmeinafræðingur, spurði hvort ég vildi ekki koma í stjórn félagsins og leggja fram tillögu að breyttu nafni. Ég stóðst ekki áskorunina og fór á aðalfundinn og tók sæti í stjórn.

Ég hafði haft samband við félagaminn, Jón Hilmar Jónsson, hjá Orðabók Háskóla Íslands og við fórum að velta upp möguleikum á nafni sem mundi passa vel og væri jákvætt. Við veltum upp nokkrum nöfnum, meðal annars Heilabót, Heilabati o.s.frv., en málið var að ég var mikið búinn að hugsa um nafnið Heilaheill og spurði Jón hvort það nafn gæti staðist. Hann sendi mér síðar

bréf þar sem hann sagði Heilaheill vera nafn sem gæti skapað sess í þjóðfélaginu eins og Barnaheill og Hjartaheill. Með nafnið í farangrinum fór ég á aðalfundinn og í kjölfarið fékk stjórnin heimild til að breyta nafninu og á næsta kjörtímabili var nafninu breytt í Heilaheill. Nafnið var síðan borið undir félagsfund, þar sem lög sögðu til um að svo yrði að vera og á fundinum var nafnabreytingin samþykkt.“

Um leið og nafni félagsins var breytt, sem var fyrir tæpum tveimur árum, var starfsemin útvíkkuð þannig að í félaginu yrðu ekki eingöngu þeir sem hafa orðið fyrir áfalli og aðstandendur, heldur yrði félagið opið öllum sem láta sig málið varða og var það gert í ljósi þess að ég hafði fundið fyrir því að margir vildu koma að félaginu á einhvern hátt, meðal annars fagaðilar. Þetta var einnig gert



Á slagdegi í Smáralind. Talið frá vinstri: Þórir Steingrímsson, formaður Heilaheilla, Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra, Albert Páll Sigurðsson, læknir og taugasjúkdómafræðingur, Ingólfr Margeirsson, rithöfundur og fræðslufulltrúi Heilaheilla, Edda Þórarinsdóttir, gjaldkeri, og Katrín Júlíusdóttir, alþingismaður og formaður stjórnar Faðms.



Pórir Steingrímsson, formaður Heilaheilla og Katrín Júlíusdóttir, alþingismaður og formaður Faðms, sem er styrktarsjóður innan Heilaheils, er stýður barnafjölskyldur þar sem foreldri hefur fengið heilaslag/heilablóðfall, á Njáluslóðum.

til þess að geta fengið Grensásdeildina í lið með okkur og í dag er stór hluti félagsmanna fagaðilar og skipa þrír framkvæmdastjórnina, einn fulltrúi sjúklinga, einn fulltrúi fagaðila og einn fulltrúi aðstandenda. Var hugsunin sú að allir þeir sem tengjast Heilaheill hafi fulltrúa í stjórninni.“

Náið samstarf við heilbrigðiskerfið

Nafnbreytingin og útvíkkun á starfsemi Heilaheilla var mikil upplýfting fyrir félagið: „Við fórum strax í að vekja athygli á okkur og héldum málþing 2006 þar sem meðal annars kom fram að þáttur taugasjúkdóma er að hluta til vanræktur innan heilbrigðiskerfisins. Þeir sem fá taugasjúkdóm eru með engin samtök á bak við sig eins og til dæmis Hjartaheill, sem hefur Hjartavernd. Að vísu erum við í Heilaheill í nánú samstarfi við Grensásdeild, en þegar umönnun lýkur þar tekur ekkert við. Við í Heilaheill

teljum því skyldu okkar að fylla upp í þessa eyðu og erum að marka stefnu í samvinnu við önnur taugasjúkdómafélög. Mér var boðið að taka þátt í samstarfshópi Samtaugar, en innan Samtaugar eru taugasjúkdómafélög. Samstarfshópurinn gerði síðan samning við Landspítala Háskólasjúkrahúss þess efnis að halda uppi reglulegu fundahaldi, það er að segja fundi með framkvæmdastjórn og aðra fundi með deildarstjórum taugasjúkdómadeildanna.

Búið er að halda slíka fundi og í framhaldi af því fræðslufundi fyrir féлага í taugasjúkdómafélögum. Þetta hefur að mínu mati skilað árangri í þá átt að við erum farnir að skilja betur vandann sem er við að glíma á B2, taugasjúkdómadeildinni og um leið skiljum við betur vandamálin sem spítalinn á við að glíma. Erum í dag í góðumsamböndum við yfirstjórnspítalans um það hvernig við sem félagasamtök getum þrýst á stjórnvöld um að lagfæra ákveðna þætti á taugasjúkdómadeildinni.

Má segja sem svo að við erum farin að hafa áhrif inn á spítalann og í auknu mæli er Heilbrigðisráðuneytið og LSH að snúa sér til okkar. Við höfum svarað ýmsum fyrirspurnum með aðstoð fagaðila og gert greinargerðir hvað varðar endurhæfingarþáttinn.“

Mikil fjölgun félaga

Félagafjöldi í Heilaheill tók mikinn kipp þegar nafninu var breytt og starfseminn útvíkkuð: „Það voru um fimmtíu manns í félaginu þegar við breyttum nafninu. Í dag eru hátt á þriðja hundrað manns í félaginu og þar af eru um 200 manns sem borga árgjald, aðrir hafa tengt sig við okkur af ýmsum ástæðum og eru á póstlistanum hjá okkur.

Starfsemin er kominn í nokkuð fastar skorður. Mánaðarlega erum við með fundi á laugardögum, fyrsta laugardag hvers mánaðar. Erum þessir fundir búnir að vinna sér ákveðinn sess hjá félögum okkar sem taka frá tiltekinn laugardag til

að komast á fundinn. Á þessum fundum er alltaf einhver fræðsla en einnig skemmtun með þátttöku listamanna, leikara og söngvara. Þá erum við dugleg að fara í ferðalög á sumrin. Sumarið 2005 fórum við í Borgarfjörðinn, sumarið eftir fórum við á Njálslóðir og í sumar fórum við á Suðurlandsundirlendið. Hafa þessar ferðir allar verið mjög vel heppnaðar og góð stemning skapast.

Við erum svo alltaf að reyna að finna upp á ýmsum einstökum atburðum og meðal þess sem við höfum verið að gera að undanförmu er að styðja undirhópa félagsins, meðal annars voru styrktar-tónleikar í Salnum í Kópavogi í byrjun nóvember síðastliðnum. Voru þeir á vegum eins hóps innan Heilaheilla er heitir Faðmur og er styrktarsjóður er styður barnafjölskyldur þar sem foreldri hefur fengið heilaslag/heilablóðfall. Með aðstoð þjóðþekktara listamanna tókst samkoman mjög vel og var vel sótt.“

Baráttan heldur áfram

Þórir telur mjög mikilvægt að fjallað sé um starfsemi Heilaheils á almennum vettvangi: „Samkvæmt tölum eru það um 700 manns sem fá heilablóðfall á hverju ári sem er um tveir dagar. Við segjum að það séu þrjár dagar sem fá áfall þar sem sá þriðji fær svokallað „þögult slag“, sem hann veit ekki af eða hristir af sér. Og þar af leiðandi er sá hinn sami ekki skráður í sjúkrahækur, en meiri líkur eru á að hann geti verið í áhættu. Það sem styður þetta er að við greiningu margra einstaklinga kemur í ljós að þeir hafa fengið áfall áður, án þess að gera sér grein fyrir ástandinu.“



Hafsteinn Jóhannesson, fomaður Parkinson-samtakanna á Íslandi, færir sérfræðingum á B2 ferðastyrk fyrir hönd Samtaugar á 40 ára afmæli deildarinnar, 7. nóvember síðastliðinn.



Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðgjafi keypti fyrsta barmmerki Heilaheilla eftir að hann hafði opnað Slagdaginn. Það er Edda Þórarinsdóttir, leikkona og gjaldkeri Heilaheilla sem nærir merkið í Guðlaug Þór.

Það er því mikilvægt að vera með mikinn áróður og með miklum áróðri erum við að bjarga mannlífum. Eitt af því sem við gerðum nýlega var að halda svokallaðan Slagdag, sem haldinn var í verslunarmiðstöðvunum Kringlunni, Smáralindinni og við Glerártorg á Akureyri undir slagorðnum „Áfall er ekki endirinn“ og „Þetta er ekki búið“. Á þessum stöðum voru læknar, hjúkrunarfræðingar og aðrir fagaðilar er koma að því að meðhöndla sjúklinga sem fá slag og veittu upplýsingar og gerðu meðal annars ókeypis áhættumat á gestum og gangandi. Við höfum ekki fengið tölur um hvað margir greindust, en einn sem var skoðaður var sendur beint upp á bráðamóttöku, hann var það hætt kominn án þess að gera sér grein fyrir því. Ég frétti síðar að hann hafi verið lagður inn á taugasjúkdómadeildina B2 í Fossvogi.“

Þórir minnr að lokum á að Heilaheill er með útkallssíma: „Opíð er fyrir símann allan sólarhringinn og hringja tveir til þrjár á sólarhring og leita ráða. Yfirleitt bendum við á heimasíðu okkar www.heilaheill.is þar sem hægt er að fá allar upplýsingar. Hún er mikið notuð og mikilvægt atriði er fyrir okkur að halda henni ferskri og að alltaf sé hægt að finna nauðsynlegar upplýsingar auk þess erum við með á síðunni fréttir úr starfinu. Heimasíðan hefur gert mikið gagn og jafnvel bjargað mannlífum.“



Hópurinn sem fór á vegum Heilaheilla á Njálslóðir í fyrrasumar.

– Takk fyrir veittan stuðning –

Málverk sf, Skólavegi 36
Nesraf ehf, Grófin 18a
Plastgerð Suðurnesja ehf, Framnesvegi 21
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, lðavöllum 12
Samkaup hf, Hafnargötu 62
Sjúkraþjálfunarstöðin Átak ehf, Aðalgötu 10
Skipþing ehf, Grófinni 19
Slakki ehf, Stekkjargötu 51
Sorpeyðingastöð Suðurnesja, Fitjum
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14
Teppahreinsun Suðurnesja, lðavöllum 3
Tæknivík ehf, Grófinni 14b
Varmamót ehf, Framnesvegi 19
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Hafnargötu 80
Verkfæðistofa Suðurnesja hf, Víkurbraut 13
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14
Vélaleiga A.P. ehf, Kópabraut 9
Viðar Jónsson ehf, Heiðarhorni 16
www.ork.is, Fristundar og heilsárshús

GRINDAVÍK

Eldhamar ehf, Suðurhóp 10
Grindin ehf, trésmiðja, Hafnargötu 9a
Guðmundur L Pálsson, tannlæknir, Víkurbraut 62
Gunnar Vilbergsson, Víkurbraut 46
Selhás ehf, Ásabraut 12
Vísir hf, Hafnargötu 16
Porbjörn hf, Hafnargötu 12

SANDGERÐI

Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8
Kvenfélagið Hvöt

GARÐUR

Bókasafn Gerðahrepps, Garðbraut 90
Sveitarfélagið Garður, Sunnubraut 4

MOSFELLSBÆR

Bakkus ehf, Leirutanga 22
Byggingarfélagið Baula ehf, Arkarholti 19
Dælutækni ehf, Spóahöfða 10
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum
Gylfi Guðjónsson, ökukennari, sími 6960042, Tröllateig 20
Gæðakokkar ehf, Blikastöðum 2
Ingimundur Magnússon ehf, Breiðafit
Ísfugl ehf, Reykjavegi 36
Íshamar ehf, Álafossvegi 27
Kjósahreppur www.kjos.is
Nonni líti ehf, Pverholt 8
Reykjalundur - plastiðnaður ehf, Reykjalandi
Rétt hjá Jóa ehf, Flugumýri 16d
Skálatúnsheimilið
Stangir ehf, Flugumýri 32
Varmáskóli

AKRANES

Bifreiðastöð Þórðar Þ Þórðarsonar, Dalbraut 6
Bilver, bílaverkstæði ehf, Innnesvegi 1
Bjarg ehf, verslun, Stíllholti 14
Byggðasafn Akraness, Görðum
Fasteignasalan Hákot, Kirkjubraut 12
GT Tækni ehf, Grundartanga
Íslenska járnblendifélagið hf, Grundartanga
Sjónglendi ehf, Skólabraut 25
Sjúkraþjálfun Georgs Janussonar, Kirkjubraut 28
Smurstöð Akraness sf, Smiðjuvöllum 2
Stafna á milli ehf, Kirkjubraut 56
Vignir G. Jónsson hf, Smiðjuvöllum 4

Öryggismiðstöð Vesturlands ehf, Kirkjubraut 40

BORGARNES

Borgarbyggð, Borgarbraut 14
Bókhalds- og tölvuþjónustan sf, Bøðvarsgötu 11
Eyja- og Miklaholtshreppur, Hofstaðir
Félagsbúið Mófellsstöðum sf, Mófellsstöðum
Framköllunarþjónustan ehf, Brúartorgi 4
Jörvi hf, vinnuvélar, Hvanneyri
Loftorka Borgarnesi ehf, Engjaási 1
Skorradalshreppur, Grund
Sparisjóður Mýrasýslu, Digranesgötu 2
Vélabær hf bíla- og búvélaverkstæði, Andakíshreppi

REYKHOLT

Garðyrkjustöðin Varmalandi, Reykholtssdal

STYKKISHÓLMUR

Heimahornið ehf, Borgarbraut 1
Málflutningsstofa Snæfellsness ehf, Aðalgötu 2
Rauði kross Íslands Stykkishólmsdeild, Sundabakka 1
Sæfell ehf, Hafnargötu 9
Tindur ehf, Hjallatanga 10
P.B.Borg ehf, Silfur götu 36

GRUNДАРÞJÖRÐUR

Hamrar verslun ehf, Nesvegi 5
Haukabergr, Hamrahlíð 1

ÓLAFSVÍK

Ferskur ehf, Ennisbraut 10
Steinnunn ehf, Bankastræti 3

HELLISSANDUR

Esjar SH-75, Hafnargötu 14
Hjallasandur ehf, Helluhóli 3
KG Fiskverkun ehf, Melnesi 1
Nónvarða ehf, Bárðarási 6
Sjáværiðjan Rífi hf, Hafnargötu 8
Snæfellsbær, Snæfellsási 2
Porgeir Árnason ehf, Háarífi 27

REYKHÓLAHREPPUR

Kolur ehf vinnuvélar og verktakar, Kinnarstöðum
Reykhólahreppur, Reykhólum

ÍSAFJÖRÐUR

Bílaverið ehf, Sindragötu 14
Ferðaþjónustan í Heydal, Mjóafjörður
Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12
Gamla bakaríð ehf, Aðalstræti 24
Heiðarfell ehf, Ásgeirsgötu 3
Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1
Ísinn ehf, Sindragötu 13b
Lögsýn ehf, Aðalstræti 24
Stál og Hnífur ehf, Pósthólf 250
Stúdió Dan ehf, Hafnarstræti 20
Tréver sf, Hafraholti 34
Útgerðarfélagið Öngull ehf, Engjavegi 28

BOLUNGARVÍK

Brún ehf, Móholti 6
Fjalla Eyvindur ehf, Móholti 8
Jakob Valgeir ehf, Grundarstíg 5
Málningarlagerinn sf, Heiðarbrún 1
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf, Dísarlandi 14

SÚÐAVÍK

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 5
Suðureyri

Siggi Odds ehf, Hlíðargötu 10

PATREKSFJÖRÐUR

Albína verslun, Aðalstræti 89

TÁLKNAFJÖRÐUR

Eik hf, trésmiðja, Strandgötu 37

PINGEYRI

Brautin sf, Vallargötu 8

STAÐUR

Allinn, Gránufélagsgötu 10
Bæjarhreppur, Bæ II

HÓLMAVÍK

Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Höfðagötu 3

KJÖRVOGUR

Hótel Djúpvavík ehf, Árneshreppi

NORÐURFJÖRÐUR

Árneshreppur, Norðurfirði

HVAMMSTANGI

Egill Gunnlaugsson, dýralæknir, Hvammstanga 26
Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga, Spítalastíg 1
Kvennabandið V-Hún
Stepypustöðin Hvammstanga ehf, Norðurbraut 32
Stýrihópur um forvarnir Húnaþing vestra, Klapparstíg 4
Villi Valli ehf, Hvammstanga 33

BLÖNDUÓS

Búnaðarþing Húnaþing og Stranda, Húnaþing 13
Umhverfisstjóri Blönduósbæjar, Húnaþing 6

SKAGASTRÖND

Kvenfélagið Hekla

SAUÐÁRKRÓKUR

Alblástur ehf, Víðimýri 8
Bókhaldsþjónusta KOM ehf, Víðihlíð 10
Fisk - Seafood hf, Eyrarvegi 18
Friðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8
Kaufélag Skagafirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Sjúkraþjálfun Sigurveigar ehf, Aðalgötu 20b
Steinull hf, Skarðseyri 5
Stepypustöð Skagafjarðar, Skarðseyri 2
Sveitarfélagið Skagafjörður, Faxatorgi 1
Verslunarmannafélag Skagafirðinga, Borgarmýri 1
Vörumiðlun ehf, Eyrarvegur 21

VARMAHLÍÐ

Akrahreppur Skagafirði

HOFSÓS

Vesturfurasetrið



SIGLUFJÖRÐUR

Berg hf, byggingafélag, Norðurgötu 16
Heilbrigðisstofnunin Siglufirði, Hvanneyrarbraut 37-39
Jóhannes Egilsson, Lækjargötu 13
Siglufjarðarkirkja

AKUREYRI

Arnarfell ehf, Sjafnarnesi 2-4
ÁK smíði ehf, Hjallatröð 7
Ásbyrgi - Flóra ehf, Frostagötu 2a
Ásprent - Stíll hf, Glerárgötu 28

– Takk fyrir veittan stuðning –





Einiberjarunninn

eftir Jón Hlödver Áskelsson

Það snjóaði og snjóaði dag eftir dag. Snjórinn þyrlandist í háa skaffla í byljunum og hengjan á suðurstafrinum breiddi kaldan fadim sinn yfir gluggann á suðurstofu. Það var eins og allt væri að fara í kaf og sjálf jóln ættu að verða undir snjófarginu og jafnvel að tynast.

Börnín í bænum sem tóku upphaflega á móti snjónum með fagnaðarlátum voru nú farin að líta döprum augum út í norðankófið.

Veðrið hafði verið þannig síðustu dægrin að engu þeirra var hleypt út.

Brotist var út með harmkvælum til gegninga af þeim hraustustu.

Hvernig áttu jóln að ná inn í bæinn í þessum ósköpum?

Og nú voru bara örfáir tímar til stefnu og kominn aðfangadagsmorgunn.

Að vísu var búíð að gera ýmislegt til undirbúnings jólunum, laufabrauðið beið í búri og hangikjötslyktin blandadist ljúflega angan af nýbökudu flatbrauði.

En einberjalyngið, sem hafði verið safnað í haust, hafði verið hnytt saman og sett upp á sperru, hvað var nú svo sem hægt að gera við það?

Úti í skemmu var lauflaus birkihrísla sem beið þess að verða sótt og skreytt með einivíðargreinunum.

En skemman var svo kyrfilega fennt í kaf að ekki var talið nokkuð vit í að grafa sig niður í hana.

Þessi frábæra hugmynd að útbúa jólatré skreytt með einiberjalyngi og geta síðar bæði sungið um það og gengið í kring var að fjúka út í buskann.

En í miðjum veðurhljóðunum vöktu reglubundin högg athygli Nonna, sem bærust úr suðurstofu, en þar gekk Karl pabbi hans óstyrkur um gólf og studdist við tréhækjuna sína, sem olli þessum hljóðum. Hann hljóp til hans og spurði, hvort ekki mætti nota hækjuna til að búa til einiberjarunna.

Pabbi tók þessu fálaga í fyrstu, en gaf eftir þegar aðrir í fjölskyldunni lögðust á eitt með Nonna og sögðust líka vera tilbúnir að bæta honum hækjumissinn og styðja hann með eigin líkamaffli.

Nú var hafist handa. Hækjunni snúíð við og tréið sem ætlað er þvert undir holhöndina notað sem fótur með stuðningi með spýtu lagðri og festri í kross.

En nú voru góð ráð dýr hvað var hægt að nota í greinar?

Þar átti Karl pabbi lausnina, því frammi í útibúri voru lengjur með sverum vír sem átti að búa niður í hrifutínda.

Hann samþykkti meira að segja að finleg göt yrðu boruð á nokkrum stöðum á hækjuna fyrir vírgreinar.

Þá var einigreinunum ráðað á greinarnar og festar með seglgarni. Litlum kertaklemmum var komið fyrir á greinarendum og kerti fest með vaxi á toppinn.

Nú var sem vedrahamurinn hafi gengið niður og einhver ólýsanleg gleði barst í bæinn og ljúf tilfinning gagntók fólkið þar.

Að loknu borðhaldi var kveikt á kertunum á þessu einstaka jólatréi og þegar öll ljósín loguðu byrjaði Nonni að syngja „Göngum við í kring um einiberjarunn“ og aðrir tóku vel undir.

Karl pabbi var svo dyggilega studdur af mörgum höndum þegar gengið var í kring um þennan réttnefnda einiberjarunn.

Litlu götin á hækjunni áttu oft eftir að vekja upp ljúfa minningu um þessi einstöku jól.

Rannveig Traustadóttir, prófessor í félagsvísindum, við Háskóla Ísland og formaður Félags um fötlunarrannsóknir:

Viljum vera fræðilegi armur baráttunnar

Í þekkingarþjóðfélagi nútímans eru fræðastörf og rannsóknir sá grundvöllur sem stefnumótun, skipulagning og framkvæmdir þurfa að byggjast á. Það hlýtur að eiga við um málefni fatlaðs fólks eins og á öðrum sviðum að besta þekking hvers tíma skuli höfð að leiðarljósi í stefnu og starfi. Fötlunarfræði er tiltölulega ný fræðigrein, sem vaxið hefur hratt á stuttum tíma. Þessi grein beinist að rannsóknum og fræðum sem að gagni geta komið í málefnum fatlaðs fólks.

Fötlunarfræði fela í sér nýja orðræðu um fötlun sem gagnrýnir ríkjandi skilning og leggur til nýja nálgun til að skilja líf og aðstæður fatlaðs fólks. Fötlunarfræðin eru tengd kröfunni um fulla samfélagsþátttöku fatlaðs fólks, mótmælum gegn einangrun á sérstofnunum og útilokun frá venjulegu lífi. Fötlunarfræði hafa því þróast í nánnum tengslum við daglegt líf og baráttu fatlaðra einstaklinga og hreyfingar þeirra. Þrátt fyrir að meirihluti þeirra fræðimanna sem stunda fötlunarrannsóknir séu ófatlaðir þá hafa fatlaðir fræðimenn verið áhrifamiklir á alþjóðavettvangi og áberandi meðal þeirra sem hafa haft mótandi áhrif á hin nýju fræði.

Fötlunarfræði er kennd sem framhaldsnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og var námið sett á fót haustið 2004 í samstarfi við félagsmálaráðuneytið með samningi sem fól í sér að ráðuneytið kostar starf lektors í fötlunarfræðum við félagsvísindadeild HÍ til fimm ára. Markmið samningsins er að efla kennslu og fræðistörf á sviði fötlunarfræða og styrkja þannig rannsóknir, framþróun og stefnumörkun á fræðasviðinu og í málefnum fatlaðs fólks. Rannveig Traustadóttir, prófessor við Háskóla Íslands segir okkur nánar frá fræðigreininni, náminu og hvað verið er að fást við:

„Það eru um það bil tuttugu ár síðan

farið var að tala um fötlunarfræði sem fræðigrein. Áður hafði hugtakið fötlunarfræði verið meira notað sem lýsing á fræðimennsku sem sneri að fötluðu fólki. Þegar svo farið var að skilgreina fötlunarfræði sem sérstaka fræðigrein var hún þróuð áfram sem slík og tengist þá þeirri alþjóðlegu þróun sem lítur á fötlun sem félagslegt fyrirbrigði, ekki síður en líffræðilegt. Fötlunarfræði hafa því beinist að því að rannsaka félagslega, menningarlega, pólitíska og efnahagslega þætti sem tengjast fötlun og líta á fötlun sem félagslegt mótað fyrirbæri ekki síður en líffræðilegt.“

Tengist daglegu lífi

„Fötlunarfræði tengist betur daglegu lífi utan háskólans heldur en margar aðrar fræðigreinar og hefur þróast í nánnum tengslum við líf og aðstæður fatlaðs fólks. Erlendis hafa fatlaðir fræðimenn verið mjög áberandi við að koma þessum fræðum á framfæri og þróa þau áfram. Fötlunarfræði er þverfagleg fræðigrein og er á sama meidi og aðrar fræðigreinar sem snúa að jaðarhópum eða minnhlutahópum. Þetta eru fræði sem beinast að því að greina og skilja stöðu hópa í samfélaginu sem búa við mismunun og það er ákveðinn baráttuandi í þessum fræðum þar sem þau vilja að fræðin stuðli að jafnrétti og bættum aðstæðum þeirra hópa sem þau beinast að. Önnur fræði af þessum toga eru kvenna- og kynjafræði, fræði um ýmsa þjóðernis minnihlutahópa og hinsegin fræði.“

Hverjir eru að stunda fötlunarfræðina?

„Ef litid er yfir fötlunarfræði alþjóðlega þá er fólk úr ýmsum greinum félagsvísinda (svo sem félagsfræði, menntunarfræði og mannfræði) og hugvísinda (svo sem bókmenntafræði, sagnfræði og menningarfræði) að sinna þessum fræðum. Á norðurlöndum hafa

það aðallega verið fræðimenn innan félagsvísinda sem hafa sinnt rannsóknum á sviði fötlunarfræða og rannsóknirnar snúid að ýmsum þáttum sem varða félagslegar aðstæður og félagslega stöðu fólks enda einkennist fötlunarfræðin mjög af gagnrýni á hefðbundinn skilning á fötlun, skilning sem gengur út á það að fötlun sé einstaklingsbundið vandamál, sé galli á einstaklingnum og að hinn fatlaði einstaklingur sé afbrigðilegur og þessvegna þurfi að þjálfa, kenna og breyta viðkomandi. Í stað þessara viðhorfa vill fötlunarfræðin líta svo á að hindranir og félagslegar aðstæður í samfélaginu af ýmsum toga, fordómar, tröppur og fleira skapi oft og tíðum meiri vandamál í lífi fatlaðs fólks, heldur en skerðingin og því er áherslan ekki síður á að greina vandann sem fyrir hendi er í samfélaginu en að greina vandann sem álitinn er búa í einstaklingnum.“

Breyttur skilningur á hvað er fötlun

Er þá verið að endurskoða skilning á hvað fötlun er?

„Spurningin: „Hvað er fötlun?“ hefur verið sett fram með nýjum hætti. Hið hefðbundna svar var að fötlun væri einstaklingsbundin skerðing og galli á einstaklingnum sem þannig var skilgreindur sem afbrigðilegur, þetta var álitid bæði persónulegt vandamál og persónulegur harmleikur. Fötlunarfræðin ögrar þessari hefðbundnu sýn. Þrátt fyrir að það sé augljóst að fatlað fólk er með skerðingar af ýmsu tagi sem getur hamlad þeim í daglegu lífi þá er jafn ljóst að fötlunin er ekki síður sköpuð af aðstæðum í samfélaginu. Meðal þeirra samfélagslegu aðstæðna sem er fötluðu fólki erfitt er fátækt, hindranir í manngerðu umhverfi þar sem ekki er gert ráð fyrir öllum, neikvæð viðhorf og fordóma sem takmarka möguleika



Rannveig Traustadóttir kynntist fötlunarfræðinni í Bandaríkjunum og heillaðist af þessu nýja fræðistarfi.

t.d. á að fá atvinnu, og svo mætti lengi telja. Þannig er augljóst að við þurfum ekki síður að beina sjónum okkar að samfélaginu og að skilja samspil hinnar fötluðu manneskju og samfélagsins sem hún býr í til að skilja og greina stöðu fatlaðs fólks. Innan fötlunarfræða er verið að þróa nýjan skilning á fötlun.

Sem dæmi getum við tekið barn sem býr við ákveðna skerðingu. Barnið fer í greiningu þar sem greindur er sá persónulegi vandi sem tengist skerðingunni og litið svo á að allir erfiðleikar barnsins, t.d. í skólanum, sé afleiðing af skerðingunni. Við teljum að það þurfi ekki síður að beinum sjónum að skólanum og greina hverju þarf að breyta í skólanum svo hægt sé að bjóða þessu barni þá lögbundnu kennslu sem það hefur rétt á, hvað þarf að endurskoða í kennsluáferðum kennarana, hvað þarf að lagfæra varðandi tröppur og lyftur eða hvað annað sem þarf að huga að í umhverfi og menningu skólans til að þessi tiltekni nemandi geti stundað námið í skólanum. Við þurfum að beina sjónum meira að umhverfinu ef við eigum að ná árangri.

Hingað til hafa allir beint sjónum að einstaklingnum. Nú leggjum við í fötlunarfræðunum áherslu á að beina sjónum að samfélaginu og bendum á að það er félagslega ákvarðað hver er fatlaður. Mannlegur margbreytileiki er af öllum mögulegum toga. Allir eru af einhverju kyni og þjóðerni, það búa allir við mismunandi færni, allir hafa kynhneigð, allir tilheyra einhverri stétt, fólk er á ólíkum aldri og búseta er mismunandi t.d. úti á landi eða í borg og bæjum. Allt þetta samvinnast í lífi

Við höfum stutt fólk

í **25** ár



www.stod.is

STOD - Stoðtækjasmíði | Trönuhrauni 8 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 2885 | Fax 565 1423 | stod@stod.is

hvers og eins og niðurstaðan raðar fólki með mismunandi hætti í samfélaginu því sumt er betur metið og nýtur meiri virðingar en annað, sumt er skilgreint „afbrigðilegt“ annað ekki. En hvernig við skilgreinum og skiljum þennan mannlega margbreytileika er auðvitað ákveðið af okkur sjálfum sem samfélagi.

Þessi fjölbreytileiki sem lífið snýst um hefur lítið verið skoðaður hér á landi og yfirleitt ekki tengdur fötlun. Eitt af því sem fötlunarfræðin gerir er að skoða fötlun sem hluta af þessum margbreytileika og spurt er af hverju er það ekki jafn mikilvægt að skoða þann margbreytileika sem birtist í atgervi fólks eins og að skoða þann margbreytileika sem birtist í þjóðernislegum bakgrunni eða trúarskoðunum. Nútíma félagsvísindi eru mjög upptekin af margbreytileikanum og við innan fötlunarfræða teljum mikilvægt að fötlun verði hluti af rannsóknum af þessum toga.“

Mikilvægt að breyta almenningsálitinu

Hvað með læknisfræðilega þáttinn, er hann ofmetinn?

„Fatlað fólk þarf góða, læknisfræðilega þjónustu, um það efast enginn, en einhliða líffræðilegur og læknisfræðilegur skilningur leysir ekki vandann vegna þess að vandinn er ekki eingöngu læknisfræðilegur eða líffræðilegur. Það er

ekki síður mikilvægt að greina þann vanda sem felst í félagslegum aðstæðum og hindrunum í samfélaginu. Innan fötlunarfræða gagnrýnum við þennan einstaklingsbundna skilning á vandanum og sjúkdómsvæðingu á fötlun. Fötlunin er hluti af margbreytileika lífsins en hún hefur hingað til verið skilgreind með neikvæðum hætti. Staðreyndin er að enn eru ríkjandi neikvæð sjónarmið og fordómar gagnvart fötluðu fólki. Tökum dæmi um manneskju sem slasast í bíslýsi, þá er stundum sagt: ”Af hverju fékk hún ekki að deyja”, sem segir okkur að fólki finnst að manneskjan sé betur komin dauð en fötluð. Þetta endurspeglar afar djúpstæða fordóma gagnvart fötlun..

Ég tel mikilvægt að baráttusamtök fatlaðs fólks og fræðin vinni saman, meðal annars gegn ríkjandi fordómum í garð fatlaðs fólks og ég bind miklar vonir við samstarf milli samtaka fatlaðs fólks og fræðanna. Það er meðal annars algjört lykilatriði er að hér komi fleiri fatlaðir fræðimenn til starfa í fötlunarfræðum en því miður er ekki mikið um fatlaða fræðimenn hér á landi frekar en á öðrum Norðurlöndum. Þeir eru hins vegar áberandi víða erlendis t.d. í Bretlandi og Bandaríkjunum. Átak þarf til að breyta þessu, en það gerist ekki af sjálfu sér og ég kalla eftir því að samtök fatlaðs fólks taki hér frumkvæði sem meðal annars gæti verið í formi námsstyrkja fyrir

fatlað fólk sem hefur áhuga á að stunda fötlunarfræði, styrki sem gerir þeim auðveldara að stunda námið og um leið laðar það að þessum fræðum.“

Fötlunarfræðin í Háskóla Íslands

Hvenær hófst kennsla í fötlunarfræði við Háskóla Íslands?

„Kennslan hófst haustið 2004 og er fötlunarfræðin nám sem styrkt er af Félagsmálaráðuneytinu að stórum hluta. Þegar Árni Magnússon var félagsmálaráðherra þá veitti hann fimm ára styrk til að ráða í starf lektors í fötlunarfræðunum og var Hanna Björg Sigurjónsdóttir ráðin í starfið. Í dag erum við á fjórða kennsluári. Hægt er að taka námið sem stutt diplómanám eða lengra meistaranám. Það er líka hægt að stunda doktorsnám í greininni og nú eru tveir doktorsnemar í fötlunarfræðum. Fötlunarfræðin er aðeins kennd sem framhaldsnám og fólk þarf að hafa lokið BA prófi, eða sambærilegri menntun, til að geta hafði nám. Nú eru um þrjátíu nemendur í greininni, fáeinir þeirra eru fatlaðir og við viljum sjá þá mun fleiri. En það eru skýringar á því af hverju svona fáir fatlaðir nemendur eru í greininni. Ein þeirra er sú að þar til fyrir nokkrum árum fengu margir fatlaðir lélega menntun, voru gjarnan í sérskólum og fengu ekki þann undirbúning sem nauðsynlegur er

Ekki fædd í gær!



Hjá okkur getur þú treyst á áratuga reynslu og þekkingu í fasteignaviðskiptum.

Ábyrg þjónusta • örugg viðskipti

EIGNAMIDLUN
Síðumúla 21 • sími 588 90 90 • www.eignamidun.is

til að komast inn í háskóla og því hafa fáir lokið BA nám. Í Háskóla Íslands er hópur fatlaðra nemenda en flestir þeirra stunda aðrar greinar en fötlunarfræði. En ég endurtek að það er algjör lífsnaúðsyn fyrir fræðigreininna að í framtíðinni komi fleira fatlað fólk inn í hana og verði leiðandi innan hennar.

Hinsvegar erum við sem vinnum í fötlunarfræðinni í Háskóla Íslands tengd fötluðu fólki með beinum hætti, eigum maka, foreldri, systkini eða aðra nána ættingja og vini sem eru fatlaðir og það tengir okkur sterkum böndum við daglegt líf og aðstæður fatlaðs fólks.”

Baráttan og fötlunarfræðin

Er fötlunarfræðin nauðsynleg í félagslegri baráttu?

„Ég er á því að ef rannsóknir og þekkingaröflun liggja ekki til grundvallarbaráttu samtaka fatlaðs fólks þá lendi samtökin í vanda. Við búum í þekkingarþjóðfélagi og þeir sem ekki hafa haldgóðar og öruggar upplýsingar og þekkingu á bak við sínar kröfur verður lítið ágengt. Það þarf að vera góður þekkingargrunnur fyrir þau málefni sem verið er að berjast fyrir og sjónarhorn fötlunarfræðinnar og sjónarhorn baráttuhreyfingarinnar fara saman að því leyti að báðar eru að berjast fyrir samfélagslegum úrbótum, breytingum, vinna gegn mismunum og fyrir meira jafnrétti. Í fræðistarfinu er hlutverk okkar að afla þekkingar og skilnings á þeim aðstæðum sem fatlað fólk býr við og skapa sýn á það hvað getur orðið. Sú þekking getur verið grundvöllur baráttunnar þannig að svo sannarlega eigum við samleið. Fötlunarfræði sem hefur enga tengingu við líf fatlaðs fólks er ekki mikils virði í mínum huga. Við viljum gjarnan vera hinn fræðilegi armur baráttunnar og lítum á okkur sem slíkt afl.

Rannsóknasetur

Í tengslum við fötlunarfræðina hefur verið sett á stofn rannsóknasetur?

„Við skynjuðum fljótt að það er víðtækur stuðningur við fötlunarfræðin, meðal fatlaðs fólks, stjórnvalda, þeirra sem starfa í þjónustugeiranum og það eru ekki aðeins stjórnvöld sem hafa styrkt okkur. Við fengum meðal annars veglegan styrk frá Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur til að stofna Rannsóknarsetur í tengslum við fötlunarfræðina og starfsemi þess hófst í fyrra. Þar fer fram mjög öflug starfsemi. Mörg verkefni eru

í gangi en stærsta verkefnið heitir Börn, ungmenni og fötlun. Þetta er viðamikil rannsókn sem beinst að ævi og uppvexti fatlaðra barna og ungmenna. Talsverður hluti af nemendum okkar, sem eru í meistarnáminu, tengist þessu verkefni. Þar notum við nálgun fötlunarfræðanna og rýnum í félagslegar aðstæður fremur en „gallann“ hjá barninu. Við gagnrýnum jafnframt þær fræðikenningar sem starfað er eftir þegar börn eiga í hlut. Til dæmis þroskakeningar sálfræðinnar þar sem lítið er svo á að „eðlilegur þroski“ barna felist í því að þau færast af einu stigi til annars á leið sinni til fullorðinsára. Með því að skilgreina þröngt hvað er eðlilegur þroskaferill þá erum við að búa til fullt af börnum sem passa ekki inn í mynstrið og þau eru samkvæmt kenningunum skilgreind afbrigðileg.

Við veltum því upp hvort ekki sé skynsamlegra að skilja fjölbreytileikann meðal barna með einhverjum öðrum hætti heldur en að skilgreina sum börn sem eðlileg og önnur óeðlileg. Þetta eru þroskakeningar sem sett voru fram um miðja síðustu öld. Svipaðar kenningar voru settar fram um siðgæðisþroska, þrepakeningar um það hvernig fólk færðist af einu stigi á annað til hæsta stigs siðgæðisþroska. Það kom í ljós að konur náðu ekki hæsta siðgæðisþroska eins og hann var skilgreindur í þessum kenningum og fyrst var lítið svo á að konur væru svona miklu takmarkaðri varðandi siðgæðisþroska en karlar. Konum var nóg boðið og spurðu á móti hvort ekki væri eitthvað athugavert við kenningarnar og þær hafa sínan verið endurskoðaðar. Á sama hátt spyr ég, ef börnin passa ekki inn í þroskakeninguna er þá ekki eitthvað athugavert við kenninguna, þarf ekki að endurskoða hana í stað þess að sjúkdómsvæða hópa af börnum og skilgreina þau sem „afbrigðileg“.

Við erum að rannsaka líf og aðstæður fatlaðra barna frá þeirra eigin sjónarhorni. Fram að þessu hefur aðaðlega verið horft á fötluð börn með augum fullorðinna og þeir spurðir. Börnin sjálf hafa sjaldan verið spurð. Við byrjum á ungu fólki um tvítugt og báðum þau að segja okkur frá barnæsku sinni og uppvexti, og erum að feta okkur niður í yngri börn. Rannsóknin er á öðru ári og er búið að tala við talsvert mikið af börnum og ungmennum. Einnig er verið að ræða við fullorðið fatlað fólk og biðja það að hugsa til baka og segja okkur sögur af sinni barnæsku þar sem skynjunin á atburðum í lífi hvers eins

er öðruvísi þegar hann lítur til baka sem fullorðin manneskja heldur en hjá barni sem er í þessum aðstæðum í dag. Þetta gefur okkur einnig sögulega vídd í rannsókninni. Við teljum okkur vera að þróa þarna eitthvað sem á eftir að koma okkur til góða varðandi hvernig best er að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra stuðning. Aukinn skilningur og þekking á því hvernig það er að alast upp með fötluðum í íslensku samfélagi er afar mikilvægur grunnur fyrir þjónustuna. Sjónarhorn barnanna er líka í sumu ólíkt sýn hinna fullorðnu og það kom strax í ljós að börnin leggja að mörgu leyti aðrar áherslur en fullorðna fólk.“

Kyntist fötlunarfræðinni í Bandaríkjunum

Hvað kom til að þú fórst að sinna fötlunarfræðin?

„Ég hef þekkt fötlun frá því ég man eftir mér. Faðir minn var hreyfihamlaður og ég man vel eftir því þegar hann var að fara í æfingastöð Lamaðra og fatlaðra sem var þá í Sjafnargötunni. Sem unglingur fór ég svo að vinna á Kópavogshælinu og mér rann óskaplega til rifja að horfa uppá aðstæður fólks þar. Í framhaldi fór ég í þroskaþjálfaranám, lauk því og starfaði um skeið sem þroskaþjálfari. Síðan er það svo að ég elst upp á þeim árum þegar ungt fólk var róttækt og mikil samfélagsgagnrýni í gangi. Ég gerðist fljótt feministi og baráttukona fyrir jafnrétti kynjanna, samhliða áhuga mínum á starfi með fötluðu fólki. Þetta tvennt fléttadi ég þó ekki saman fyrr en ég fór til doktorsnáms í Bandaríkjunum þar sem ég rannsakaði tengsl kynferðis og fötlunar, meðal annars varðandi fatlaðar konur og fatlaða karla, hina kynjuðu umönnun fatlaðs fólks þar sem konur eru meirihluti þeirra sem sinna fötluðu fólki innan fjölskyldu og þjónustukerfis. Doktorsritgerð mín fjallaði um þessi efni. Í Bandaríkjunum kyntist ég fötlunarfræðum og var heilluð af þessu nýja fræðastarfi. Þegar ég kom heim úr doktorsnámi árið 1992 sýndist mér ekki grundvöllur til að stofna slíka fræðigrein og það leið áratugur þar til mér þótti vera forsendur til þess að huga að uppbyggingu fötlunarfræðina sem fræðigreinar við Háskóla Íslands. En hér erum við og vonandi erum við komin til að vera. Framtíð greinarinnar er þó ótrygg og framtíð hennar veltur á því að við fáum áframhaldandi fjárhagslegan stuðning til að reka hana.“



Kolbrún Dögg fékk KÆRLEIKSKÚLUNA

Kærleikskúlan var veitt í fimmta sinn þann 30. nóvember síðastliðinn og hlaut hana að þessu sinni Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir, varaformaður Sjálfsbjargar Ísf.

Það er Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra sem stendur að Kærleikskúlunni og var þetta í fimmta sinn sem hún er afhent. Kærleikskúlan er veitt þeim sem þykja verðugar fyrirmyndir. Kolbrún Dögg fékk kúluna fyrir að berjast af jákvæðni og kjarki fyrir breyttum viðhorfum og gjörninginn Tökum höndum saman, sem var á vegum Listar án landamæra og var framinn 28. apríl síðastliðinn.

Kolbrún Dögg fékk fyrstu kúluna en hún verður seld til 19. desember. Er tilgangurinn með sölu hennar að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna og efla starfsemi Reykjadal. Gera þannig fleirum mögulegt að njóta þar ævintýratilverunnar í hópi með jafnöldrum – eignast vini og dýrmætar minningar.

Athöfnin fór fram í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu og hófst með því að Karl Sigurbjörnsson, biskup, blessaði Kærleikskúluna. Að þessu sinni er það listamaðurinn Eggert Pétursson sem hannaði verkið og nefnist það Hringurinn og steig Eggert í pontu og lýsti hugmynd sinni að verkinu. Það var síðan Vigdís Finnbogadóttir sem afhenti Kolbrúnu Dögg, Kærleikskúluna.

Kolbrún Dögg þakkaði fyrir sig og sagði meðal annars að hugmyndin með gjörningnum Tökum höndum saman, hafi verið sú að allir þeir sem mættu niður á tjörn, tækjust í hendur og mynduðu hring í kringum Tjörnina. Um þrjú hundruð manns komu sem var að vísu ekki nóg til að mynda heilan hring en aðalatriðið var að fólk kom og tók þátt. Kolbrún Dögg endaði ávarp sitt með að syngja frumort ljóð við lag eftir eiginmann sinn, Ragnar Gunnar Þórhallsson. Var fallegu þakkarávarpi hennar tekið með dynjandi lófaklappi. Athöfnin endaði síðan með því að sönghópur fatlaðra söng jólalög.

Kærleikskúlan hefur frá því að hún kom fyrst fram árið 2003, fengið einstaklega góðar viðtökur landsmanna. Erró reid á vaðið með verkinu 2 málarar, ári síðar var það Ólafur Elíasson með *Augað*, síðan var það Rúrí með verkið *Án upphafs – Án endis* og í fyrra var það Gabríela Friðriksdóttir með verk sitt *Salt jarðar*.



Karl Sigurbjörnsson, biskup yfir Íslandi, blessaði Kærleikskúluna en allur ágóði af sölu hennar rennur til styrktar fötludum börnum.



Eggert Pétursson hannaði verkið á Kærleikskúluna að þessu sinni og nefnir það Hringurinn



Fyrrverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, afhendir Kolbrúnu Dögg Kristjánsdóttur, Kærleikskúluna.

– Takk fyrir veittan stuðning –

Bautinn og Smiðjan, veitingasala, Hafnarstræti 92
Blikkrás ehf, Óseyri 16
Búsetudeild Akureyrarbæjar, Geislagötu 9
Bútur ehf, Njarðarnesi 9
Eining-löjja, www.ein.is, Skipagötu 14
Ellen Hakansson, Einhóli
Endurhæfingarstöðin Sjálfsbjörg Akureyri, Bugðusiðu 1
Eyjafjarðarsveit, Syðra-Laugalandi
Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Skipagötu 14
Félag verslunar- og skrifstofufólks, Skipagötu 14
Félagsbúið Hallgilsstöðum, Hallgilsstöðum
Föl ehf, Lerkilundi 24
G. V. Gröfur ehf, Óseyri 2
Gerði eggjabú ehf, Þórsmörk
Girðir ehf, Lönsbakka
Haukur og Bessi, Akureyri, Kaupvangi, Mýrarvegi
Hártískan sf, Kaupangi við Mýrarvegi
Hlíð hf, Kotárgerði 30
Hlíðarskóli, Varpholti
Húsprýði sf, Múlasíðu 48
Höldur - Bílaleiga Akureyrar, Tryggvabraut 12
Ísgát ehf, Lönsbakka
Kjarnafæði hf, Fjölinsgötu 1b
Medulla ehf, Strandgötu 37
Miðstöð ehf, Draupnisgötu 3g
Myndrún ehf, Sunnuhlíð 12
Raflampar ehf, Óseyri 4
Rafrósth ehf, Gránufélagsgötu 49b
Sjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi
Stefna ehf, Hafnarstræti 95
Tannlæknastofa Sigrúnar Marteinsdóttur,
Þórunnarstræti 114
Tólís sf, Kaupangi við Mýrarveg
Verkval ehf, Miðhúsavegi 4
Vélsmiðjan Ásverk ehf, Grímseyjargötu

GRENÍVÍK

Jói ehf, Melgötu 8
Stuðlaberg útgerð ehf, Ægissíðu 11

GRÍMSEY

Sigurbjörn ehf, útgerð, Öldutúni 4
Sæbjörg ehf, Efri Sandvík

DALVÍK

Fiskmarkaður Dalvíkur ehf, Ránarbraut 2b
Gunnar Nielsson sf, Aðalgötu 15
Sparisjóður Svarfðæla, Ráðhúsi
Tréverk ehf, Dalvík, Grundargötu 8-10
Vélvirki ehf, verkstæði, Hafnarbraut 7

ÓLAFSFJÖRÐUR

Norlandia ehf, Múlavegur 3
Sigurjón Magnússon ehf, Námuvegur 2

HRÍSEY

Leik - og Grunnskólinn í Hrísey, Hólabraut

HÚSAVÍK

Bílaleiga Húsavíkur ehf, Garðarsbraut 66
Bílaþjónustan ehf, Garðarsbraut 52
Bókasafnið á Húsavík
Húsavíkurkirkja, Urðargerði 6
Höfðavélar ehf, Höfða 1
Lindi ehf, Ketilsbraut 13
Norðurlax hf, Laxamýri

LAUGAR

Norðrúppóll ehf, Laugabrekku Reykjadal

MÝVATN

Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6

PÓRSHÖFN

Geir ehf, Sunnuvegi 3
Haki ehf, Langanesvegi 29
Svalbarðshreppur, Ytra Álandi
Verkalýðsfélag Þórshafnar, Langanesvegi 18

VOPNAFJÖRÐUR

Bílar og vélar ehf, Hafnarbyggð 14a
Bókasafn Vopnafjarðar, Lónabraut 12
Jónsver ses, Hamrahlið 15

EGILSSTAÐIR

Barri hf skógræktarstöð, Kaupvangi 19
Egilsstaðakirkja, Laugavöllum 19
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1
Hraðbúið ESSO www.khb.is, Kaupvangi 6
Malarvinnslan hf, steinefnaiðnaður, Miðási 11
Miðás hf (Brúnás innréttingar), Miðási 9
Rafholt Austurlandi ehf, Kaupvangi 23b
Skógar ehf, Dynskógum 4
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5
Ökuskóli Austurlands sf, Háafelli 4a

SEYÐISFJÖRÐUR

Gullberg hf, útgerð, Langatanga 5
Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

REYÐARFJÖRÐUR

Hólmar, húsgagnaverslun ehf, Austurvegi 29

ESKIFJÖRÐUR

Eskja hf, Strandgötu 39
Fiskimið ehf, Strandgötu 39

NESKAUPSTAÐUR

Fjarðalagnir ehf, Nesbakka 14
Nestak ehf, byggingaverktaki, Nesbakka 2
Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf, Hafnarbraut 10
Síldarvinnslan hf, útgerð, Hafnarbraut 6

FÁSKRÚDSFJÖRÐUR

Fáskrúðsfjarðarkirkja
Loðnavinnslan hf, Skólavegi 59

BREIÐDALSVÍK

Héraðsdýralæknir Austurlandsumdæmis syðra,
Ásvegi 31

HÖFN Í HORNAFIRÐI

Bókhaldsstofan ehf, Krossseyjarvegi 17
Fræðslu- og félagsvið Hornafjarðar, Hafnarbraut 27
Sigurður Ólafsson ehf, Hlíðartúni 21
Skinney - Þinganes hf, Krossveg
Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27

SELFOSS

AB-skálinn ehf, Gagnheiði 11
Árvirkinn ehf, Eyravegi 32
Básinn, veitingastaður, Efstalandi
Bisk-verk ehf, Bjarkarbraut 3, Reykholt
Bílasala Suðurlands ehf, Fossnesi 14
Bílaþjónusta Péturs ehf, Vallholti 17
Fossvélar ehf, Hrísmýri 4
Framsóknarfélag Árnessýslu, Heiði
Hitaveitan Árnesi, Árnese félagsheimili
Hrói Höttur, Austurvegi 22

Jáverk ehf, Gagnheiði 28
Jeppasmíðjan ehf, Ljónsstöðum
Litla kaffistofan, Svínahrauni
Nesey ehf, Suðurbraut 7 Gnúperjarheppi
Plastiðjan ehf, Gagnheiði 17
Pylsuvagninn Selfossi, Besti bitinn í bænum
Ræktunarsamband Flóa og Skeiða, Gagnheiði 35
Selós ehf, Eyravegi 51
Set ehf, plaströverksmiðja, Eyravegi 41
Skálholtssókn, Skálholti
Skeiðahreppur og Gnúperjarheppur, Árnesi
Stokkar og steinar sf, Árbæ 1
Tannlæknastofa Halldórs Sigþórssonar, Austurvegi 44
Verkfræðistofa Suðurlands ehf, Austurvegi 3-5
Verktækni ehf, Fagurgerði 2b
Verslunin Borg, Grímsnesi
Vélaverkstæði Almennar viðgerðir og smurþjónusta,
Gagnheiði 36

HVERAGERÐI

Heilsustofnun NLFÍ Hveragerði www.hnfi.is,
Grænumörk 10
Hveragerðisbær, Sunnumörk 2
Hveragerðiskirkja, Bröttuhlíð 5
Nuddstofa Karlinn, Breiðumörk 11
Sport-Tæki ehf, Austurmörk 4

ÞORLÁKSHÖFN

Fagus ehf, Unubakka 18-20
Frostfiskur ehf, Hafnarskeiði 6
Járnkarlinn ehf, Selvogsbraut 7
Sveitarfélagið Ölfus, Hafnarbergi 1
ÖJ-Arnarson ehf www.trukkur.is, Eyjahraun 6

STOKKSEYRI

Við fjöruborðið, Eyrarbraut 3a

LAUGARVATN

Ásvélar ehf, Hrísholti 11

HELLA

Hótel Rangá, Suðurlandsvegi
Sólflug ehf, Heiðvangi 6

HVOLSVÖLLUR

Anna og Árni á Akri, Akri
Búaðföng, Stórólfsvellir
Félag íslenskra bifreiðaeiganda, Stóragerði 3
Holtsprestakall, Holti

VÍK

B.V.T. ehf, Austurvegi 15
Mýrdælingur ehf, Suðurvíkurvegi 2

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur Skaftafellssýslu

VESTMANNAEYJAR

Bessi hf, Sóleyjargötu 8
Frár ehf, Hásteinsvegi 49
Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28
Karl Kristmanns, umboðs- og heildverslun,
Ofanleitisvegi 15-19
Narfi ehf, Strembugötu 8
Pétursey ehf, Flötum 31
Reynistaður ehf, Vesturvegi 10
Vélaverkstæðið Þór ehf, Norðursundi 9



Kolbrún Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sjálfsbjargar var fundarstjóri. Henni á hægri hönd er Anna Guðrún Sigurðardóttir, stjórnarmaður í Sjálfsbjörg og á vinstri hönd eru Ragnar Gunnar Þórhallsson, formaður Sjálfsbjargar og Þórir Steingrímsson, gjaldkeri og formaður Heilaeilla.

Sameiginlegur fundur nefnda og stjórnarmanna

Sameiginlegur fundur nefnda og stjórnarmanna á vegum Sjálfsbjargar lsf. var haldinn 12. október 2007. í „Rauða sal“, 1. hæð, Sjálfsbjargarhúsinu. Eftir að dagskrá fundarins hafði verið kynnt var fundarmönnum skipt niður í hópa sem tóku fyrir endurskoðun örorkumats, endurhæfingu og atvinnumál. Eftir kaffihlé var sameiginlegur fundur þar sem niðurstöður úr hópastarfi voru kynntar. Spunnust líflegar umræður um skýrslu og stöðu mála varðandi endurskoðun örorkumats, eflingu starfsendurhæfingar og atvinnumál fatlaðra og voru ekki allir á eitt sáttir hver stefnan ætti að vera.



Dregið í Happprætti Sjálfsbjargar


Dregið var í Happprætti Sjálfsbjargar 3. desember, á alþjóðadegi fatlaðra og er það í fyrsta sinn sem dregið er í happprættinu á þessum degi. Myndin er frá frá útdrættinum sem fram fór í Háskóla Íslands og er Marteinn Sæmundsson á myndinni ásamt fulltrúa sýslumanns.

Varað við hugmyndum um Áfallatryggingasjóð

Að undanförmu hefur skapast nokkur umræða um hugmyndir Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um stofnun Áfallatryggingasjóðs. Sjóðnum er meðal annars ætlað að taka yfir réttindi sem í dag er kveðið á um í lögum almannatryggingar og Tryggingastofnun ríkisins sér um að framkvæma.

Öryrkjabandalag Íslands hefur lýst sig mótfallið þessum hugmyndum, samanber ályktun aðalfundar 6. október 2007. ÖBÍ hefur meðal annars áhyggjur af því að réttarstaða einstaklinga sem þurfa á aðstoð að halda vegna slyss eða sjúkdóma muni versna. Rétt er að taka fram að andstaða ÖBÍ beinist ekki að því hvaða aðili veitir þjónustuna heldur hvaða aðili tekur ákvörðun um rétt einstaklings til aðstoðar. Hafa fulltrúar ÖBÍ áhyggjur af því að réttarstaða þeirra sem í hlut eiga verði ekki nægilega tryggð meðal annars vegna þess að félagasamtök svo sem ASÍ, lífeyrissjóðir, einkahlutafélög, sjálfseignarstofnanir og fleiri lúta almennt ekki stjórnsýslulögum eða öðrum reglum stjórnsýsluréttar.

Ef hugmyndir um Áfallatryggingasjóð ná fram að ganga munu tilteknar ákvarðanir um mikilvæg réttindi einstaklinga færast af höndum stjórnvalda yfir til einkaaðila. Með því er hætt við að öll umgjörð réttindanna breytist. Jafnvel þótt rétturinn til aðstoðar, einn og sér, verði sá sami í nýju kerfi er veruleg hættu á því að erfiðara verði fyrir einstaklinga að virkja réttindi sín og réttarstaðan í heild sinni verði þannig lakari fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda.

			mikla	pirraða	2 eins	kroppi		freri	fugl	varmi		ílát
		→					1					
		fugl					konungur rala				vænar	7
		áttund			gjamm viðirnir			þvæla				
Krossgátu-gerð: Bjarni S: 588 7911	↓	lógar	nostursóm röð					áttund	stjá lokuð			
hærra				tísku		ásmegin skemma				vankaðan		iðnaðar- maður
hast				mjöl uns			flinkar					
	↓		syngja sprottin	9			afkvæmi	viðbjóð				
urptín	3				toll lélegan						1001	4
maður				hosu krafs		5		reka	hrjá fóðraður			
stía				flengdir spendýr								
		slælega bergir					spíra rangla				takast	
	↘			6								↙
		skreytast	gruna keyrinu				lengd handveginn				möndull	
skeið				goggur uppnefni				dýki		haf skömmum	8	
gola					trjá- kvoða				stefna			
tuglinn					22/7		áreið skynjaði				til	
	12	reið	spen- dýrið						forað hvilst		11	
hljóm			pena					lengd				
ætt- inginn					ljarg- viðraðist			10				2

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----	----

LÁN ÁN ÁBYRGÐARMANNA*

FRÍTT DEBETKORT

HÆRRI INNLÁNSVEXTIR

LÆGRI YFIRDRÁTTARVEXTIR

AFSLÁTTUR AF LÁNTÖKUGJÖLDUM

SÉRKJÖR Á BÍLAFJÁRMÖGNUN*

NÁMSKEIÐ OG RÁÐGJÖF Í FJÁRMÁLUM

Fáðu BYR undir báða vængi

Við lítum á viðskiptavinum okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fái alltaf það besta sem er í boði.

Með því að vera með allt á sama stað færð þú betri kjör og meiri fríðindi



*Útlán eru háð lánareglum.

BYR - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is